Framkv. á tímabilinu 11.7. – 10.8. 1973, á vegum skipulagshópsins.
Athugandi: Árni Ragnarsson.

# Athugun á húsnæði og húsum við hinar eldri götur Ísafjarðarkaupstaðar.

## Tilhögun efnis:

Formáli athuganda.
Kort yfir eignaástand lóða.
Kort yfir nýtingu húsa.

Sundstræti
Tangagata
Smiðjugata
Brunngata
Aðalstræti
Skipagata
Þvergata
Silfurgata
Skólagata
Austurvegur.

## Formáli athuganda:

Hugmyndin að athugun þessari var snjöll og framkvæmd hennar skipulagsleg nauðsyn. Með þessu hugarfari réðst athugandi á verkefnið. Hann hafði ekki gert sér háar hugmyndir um hrifningu og móttökur fólks, sem spurt var, en sú raunin varð, að væru íbúar heima fyrir fór athugandi aldrei að árangurslausu. Á hinn bóginn hafði athugandi vænst meiri áhuga þeirra, sem hann vann fyrir og meiri aðstoð úr þeirri átt. Afleiðingin er gloppóttur árangur athugunarinnar og rýrt notagildi hennar sem gagnauppsprettu. Hér verður ekki viljaskorti athuganda um kennt, því hann hafði – og hefur enn – mikinn áhuga fyrir framtíð þess bæjarhluta, sem athugaður var og um leið framtíð Ísafjarðarkaupstaðar.
Athugandi er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna þetta verkefni og þann lærdóm, sem hann hverfur brott með, en harmar jafnframt rýrt notagildi niðurstöðna athugunarinnar.

Ísafirði 14.8. 1973.

Árni Ragnarsson.

Ísafirði
31.7.1973.
Árni.

# Sundstræti 11

| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0–14 | |
|---|---|---|---|---|
| | | | 15–24 | |
| | | | 25–34 | 1 |
| | | | 35–44 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45–54 | 1 |
| | | | 55–64 | |
| | | | 65– | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið var upphaflega verbúð, sem síðan var gerð nokkurn veginn íbúðarhæf án mikilla umbóta. Síðustu árin hefur ástand hússins og íbúðargildi verið stórbætt og síðasta ár var það járnklætt utan en þangað til höfðu viðirnir staðið ytst og húsið ekki verið einangrað. Það var einnig einangrað s.l. ár, þannig að það er nú í góðu ástandi og hlýtur jafnt og gott viðhald, þar sem þessa dagana er verið að dytta að þaki etc.

-Timburskúrbygging byggð við vesturhlið hússins, inniheldur geymslu, anddyri og niðurgang í kjallara.

-Húsið er afar lítið og byggingarlag látlaust, en smám saman hafa stærðarhlutföll þess innbyrðis orðið mjög skemmtileg og spennandi. Vesturhlið hússins, þar sem saman spila reykháfur, mjög hár, skúrbyggingin og sjálft húsið er stórkostlega skemmtileg og gefur húsinu töluvert gildi, fagurfræðilegt.

**Notagildi hússins**

-Timburhús. Byggt 1898. Rishæð, hæð og kjallari 164 m³. Lóðin er 74 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Lítil 3 herb. íbúð. | 3 herbergi, eldhús og klósett. Miðstöð og geymsla í kjallara. – Heldur þröng og lítil íbúð án baðherbergis. Annars sæmilega góð íbúð. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
23. 7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 13

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>2 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | | |
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. | | | |

**Ástand hússins**
**Viðhald**
**Viðbyggingar**
**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er í sæmilegu ástandi, en íbúðirnar eru tæplega það. Í suðurendanum er e.t.v. sæmileg íbúð (athugandi, fékk ½ tíma skammaræðu, en ekki leyfi til að sjá íbúðina), en lítil íbúð í norðurenda hússins er afar léleg. Klósettið er skápur, þvottaaðstaðan fyrir neðan allar hellur o.s.frv. Að vísu er hér nýviðgert, komin ný rafmagnslögn, sem íbúar óttast að sé ólögleg, en hafa ekki fengið greinileg svör frá yfirvöldunum. Kjallari hússins er svo neðarlega að vatn seytlar inn í hann við ákveðnar aðstæður. Höfnin ku loka vatn undir fangamunn....
—Viðhaldi verður að teljast vera án samhengis við ástand hússins, sem ekki er gott. Viðhaldið er óefað einnig dýrara á þessu húsi en annars staðar í bænum. — Fagurfræðilegt gildi hefur þetta hús ekki.

**Notagildi hússins**

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | 3 |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Timburhús. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 266 m³. Í húsinu eru tvær íbúðir, í sitt hvorum endanum. Norðurendinn: 3 lítil herbergi, eldhús og klósett ásamt miðstöðvarkjallara. Þvottaaðstaða (léleg) í viðbyggðum skúr. Í suðurendanum eru 4 herbergi, eldhús og baðherbergi ásamt miðstöðvarkjallara m. geymslu. Notagildi íbúðarinnar í suðurendanum er mun stærra en hinnar, sem þyrfti mun meira viðhald til að teljast bara sæmileg.
Lóðin er 151 m².

Ísafirði
23. 7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 14.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 10 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 | 2 |
| | | | 15 – 24 | 2 | |
| | | | 25 – 34 | | 2 |
| | | | 35 – 44 | | |
| | | | 45 – 54 | 2 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | | |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**: Lóðin er í eigu Ísafjarðarkaupstaðar, en íbúðirnar í eigu íbúanna.

**Ástand hússins**: Húsið er í góðu ástandi -

**Viðhald**: og talið þokkalegu viðhaldi.

**Viðbyggingar**: Engar, - en hús, sem ber sama nafn og númer og talið er sjálfstætt hús er sambyggt að austanverðu - í átt frá Sundstræti.

**Fagurfræðilegt gildi**: - Exkurt.

**Notagildi hússins**: Timburhús. Múrhúðað. 2 hæðir. 471 m³. Íbúð á neðri hæð: 3 herbergi eldhús og klósett og geymsla. Á efri hæð: 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Sameiginlegur aðalinngangur. Tvær rúmar og góðar íbúðir. Lóð: 104 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði, 20.7. 1973. Árni.

# Sundstræti 14.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14: 1<br>15 – 24: 1<br>25 – 34: 1<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin eign Ísafjarðarkaupstaðar. Hús í eign íbúa. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Virðist mjög gott. Nýfluttir íbúar eru að taka hana í gegn og er íbúðin í góðu ástandi og húsið utan. | | |
| Viðbyggingar | Engar. Húsið er viðbyggt húsi, sem einnig ber nafn og númer Sundstræti 14, en stendur nær Sundstrætinu. | | |
| Fagurfræðilegt gildi | – Ekkert. | | |
| Notagildi hússins | Timburhús. 2 hæðir og kjallari. 231 m³. 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Góð og vistleg íbúð. 113 m² lóð. | | |
| Íbúðarhús | | | |
| Iðnaður | | | |
| Geymsla | | | |
| Ónotað | | | |

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 15

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br>1<br>1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er í góðu ástandi – nema hvað kjallarinn telst vafasamur, einkum á stórstraumsflæði þegar hann verður rakur. Viðhaldið er gott. |
| Viðbyggingar | –Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Hverfandi. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1887. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 220 m³. 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Miðstöðvarkjallari, sem vætist á stórstraumsflæði. Góð og vistleg íbúð, og henni fylgir 74 m² lóð. |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði

20.7. 1973.

Árni.

# Sundstræti 16.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin í eigu Ísafjarðarkaupstaðar. | | |
| Ástand hússins | Niðurrifsástand. | | |
| Viðhald | Ekkert. | | |
| Viðbyggingar | | | |
| Fagurfræðilegt gildi | Ekkert. | | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1928. Ein hæð. 418 m³. Lóðin er 457 m². Þetta hús hefur lítið notagildi og virðist best haft til niðurrifs. | | |
| Íbúðarhús | | | |
| Iðnaður | | | |
| Geymsla | | | |
| Ónotað | Þetta fyrrv. hænsna- og sláturhús liggur nú autt og ónotað. | | |

# Sundstræti 18.

Ísafirði
20. 7. 1973.
Arni.

Íbúafjöldi hússins

Fjöldi fjölskyldna í húsinu

Aldur heimafólks
0 – 14
15 – 24
25 – 34
35 – 44
45 – 54
55 – 64
65 –

Eigendur/leigjendur: Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar.

Ástand hússins

Viðhald

Viðbyggingar

Fagurfræðilegt gildi

Notagildi hússins: Steinsteypt. Byggt 1959. 3 hæðir. 2420 m³
450 m² Lóð.

Íbúðarhús

Iðnaður: Niðursuðuverksmiðja.

Geymsla

Annað

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 19.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 4 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð er eign Ísafjarðarkaupstaðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Ísafjarðarkaupstaður hefur viðhald hússins í sínum höndum. Þetta viðhald er í stórum dráttum ekki neitt og má þakka að húsið er vel byggt, að það ennþá er íbúðarhæft. Það er í heldur lélegu ástandi og þarf viðhald. Fremur er þetta óhentugt húsnæði, einkum fyrir barnafjölskyldur. – Engar viðbyggingar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Ósköp lítið og vingjarnlegt hús. Yfirlætis-lítið og fallegt. Byggingarlagið – innbyrðis hagræðing (?) herbergja vakti athygli mína. Eldhúsið skipar hásætið. Miðstöð þessa húss. Báðir inngangarnir frá Sundstræti liggja inn í eldhúsið og þar er stigi (í eldhúsinu) upp á rishæðina til tveggja herbergja og einnig er gengið þaðan beint inn í þau tvö herbergi á neðri hæðinni sem þjóna sem stofa. – Telst hafa gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1872. Járnvarið. Hæð og ris-hæð. 190 m³. 4 lítil herbergi, 2 geymslur, eldhús og baðherbergi. Notagildi íbúðar og húss mætti stórauka. Íbúðin er bæði óhentug, gólfköld og illa viðhaldið, en lagast varla svo lengi, sem hugarfar bæjaryfirvalda er sem er.
Lóð: 379 m².

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
7.8.1973.
Árni.

# Sundstræti 20.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið í einkaeign. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Húsið, sem í fljótu bragði virðist standa ónotað, er í sæmilegu ástandi. Áhugamanni tókst heldur ekki hér að vekja upp líf, en honum var sagt, að eigendur hússins notuðu það á kvöldin. Til smíða. Þessir eigendur kváðu einnig vera eigendur að hjalli á horni Sundstrætis og Þvergötu.<br>Ritst. Húsið stendur þarna – og virðist hafa dagað uppi einhvern veginn. Hálf annkannar-legt... | | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1954. Ein hæð. 145 m³.<br>Lóðin er 96 m². | | |
| Íbúðarhús | | | |
| Iðnaður | | Smíðahús. Lítið, en sæmilega hentugt. | |
| Geymsla | | | |
| Ónotað | | | |

Ísafirði
23.7. 1973.
Árni

# Sundstræti 21

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Ekkja býr í dánarbúi manns síns, sem bæði á lóð og hús.

**Ástand hússins**

Sæmilegt.

**Viðhald**

Fremur slæmt.

**Viðbyggingar**

Skúrbygging í átt að Sundstræti, inniheldur eldhús.

**Fagurfræðilegt gildi**

Hið upprunalega hús stendur á bak við viðbygginguna, séð frá Sundstræti, og sést varla fyrir henni. Viðbyggingin er skúrbygging, múrhúðuð og í engu reynd aðlöguð upprunalegri byggingu. Telst hafa hverfandi lítið fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1850. Ein hæð. 148 m³. Járnvarið að utan, viðbyggingin þó múrhúðuð. Miðstöðvarkjallari og geymsla. Í bakhúsinu er eitt herbergi undir risi. - Fremur lélegt hús og afar lítið. 2 herbergi, eldhús og baðherbergi.
Lóð: 221 m².

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# SUNDSTRÆTI 23.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins | Húsið er í sæmilegu ástandi – |
| Viðhald | – og viðhaldið eftir því sæmilegt. |
| Viðbyggingar | – Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Látlaust hús. Greinilega byggt við venjulegar aðstæður síns tíma. Ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1892. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 406 m³. 6 herbergi, eldhús og baðherbergi ásamt litilli geymslu. Í kjallara: miðstöð og geymsla. Góð, rúmgóð íbúð með gott notagildi. Lóð: 281 m² |

Íbúðarhús

Iðnaður

Geymsla

Ónotað

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 25 A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 - 14 | |
| | | | 15 - 24 | |
| | | | 25 - 34 | 1 |
| | | | 35 - 44 | |
| | | | 45 - 54 | |
| Fjöldi fjölskylna í húsinu | 1 | | 55 - 64 | |
| | | | 65 - | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Eitt elsta hús á Ísafirði og áreiðanlega elsta íbúðarhúsið. Það er í hryggilega góðu ástandi. Allir viðir hússins eru ófúnir og sem nýir. Ýmislegt hefur verið gert til viðhalds, húsgaflarnir eru járnvarðir en hliðarnar standa með [illegible]. Tvöfalt gler. Samt er þó tekið að lýjast í húsinu, t.d. gólf á rishæð, sem inniheldur tvö lítil herbergi, þarfa fyrir samviskusamlegt viðhald. Þegar lóðin, sem náði frá sjó langt upp á eyrina var tekin eignarnámi af Ísafjarðarkaupstað, sóttu íbúarnir um að fá nokkuð fé fyrir til viðhalds húsinu. Því hefur ekki verið sinnt. (Enn þá). Skúrviðbygging til norðurs er svefnherbergi og önnur út úr miðju húsi austanverðu er örlítil forstofa.
Húsið er lítið og lágreist og byggingarlagið mjög svo einkennandi fyrir byggingartíð hússins, enda þótt það hafi þótt sérstakt þá. Það hlýtur að hafa gildi bæði fagurfræðilegt en þó einkum og sér í lagi sögulegt gildi.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**

Timburhús. Byggt 1787. Hæð, rishæð og kjallari. 188 m³. 4 herbergi, eldhús, búr, lítill miðstöðvarkjallari með þvottaað-stöðu og klósetti. Húsið getur um um langa framtíð verið góð og vistleg íbúð með jöfnu og góðu viðhaldi. Lóðin er 192 m²

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
20. 7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 25.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | | |
| | | | 15 – 24 | | |
| | | | 25 – 34 | | |
| | | | 35 – 44 | 1 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 45 – 54 | 1 | |
| | | | 55 – 64 | | |
| | | | 65 – | 1 | 1 |

**Eigendur/leigjendur**
Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en íbúðirnar og húsið er eign íbúanna.

**Ástand hússins**
Húsið virðist í sæmilegu ástandi, en

**Viðhald**
þó viðhalds þörf – utan.

**Viðbyggingar**
– Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**
Ekki sérstakt.

**Notagildi hússins**
Steinsteypt hús. Byggt 1923. 2 hæðir og kjallari 493 m³. Í húsinu eru tvær samsvarandi íbúðir, sem hafa sameiginlegan inngang og stigagang. Þar eru 3 herbergi og eldhús og hafa hvor sitt klósett í kjallaranum. – Notagildið getur ekki virzt, þar sem athuganda var meinaður aðgangur að íbúðunum.
Lóðin er 120 m².

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 27.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 2 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins:** Húsið er í góðu ástandi –

**Viðhald:** og viðhaldið eftir því gott.

**Viðbyggingar:** – Engar.

**Fagurfræðilegt gildi:** Sjá aukablað fyrir Sundstræti 27 – annað hús, annað aukablað.
Að öðru leyti: Þótt timburhús sé er þetta hús múrhúðað og lítur út eins og steinsteypt.

**Notagildi hússins:** Timburhús. Múrhúðað. Tvær hæðir og kjallari. 444 m³. Tvær samsvarandi íbúðir á efri og neðri hæð, báðar í góðu ástandi og bjóða vistlegar. Hljóðeinangrunin er þó einhvernveginn léleg. – 3 herbergi, eldhús og klósett. Í kjallara miðstöð og geymslur. – Lóð: 131 m²

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | x |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafjörður
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 27

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 8 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 1 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | 1 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

Húsið er í góðu ástandi svo og íbúðirnar, sem eru þokkalegar og vistlegar.

**Viðhald**

Viðhaldið er eftir því gott – og tiltölulega lítt þar sem um steinsteypt hús er að ræða.

**Viðbyggingar**

— Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur sig ásamt steinhúsunum í kring, nr. 25 og 27, út úr götumyndinni, þó ekki vegna fegurðar, heldur vegna stærðar. Húsin mynda stóra steinsteypta heild. Þessi heild getur vart talist hafa fagurfræðilegt gildi, fremur hitt.

**Notagildi hússins**

Steinsteypt hús. Byggt 1938. 2 hæðir og kjallari 446 $m^3$. Á neðri hæð 3 herbergi, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð sami herbergjafjöldi en aðeins klósett. Inngangur sameiginlegur.
Lóð: 131 $m^2$.

Íbúðarhús

Iðnaður

Geymsla

Ónotað

Ísafirði
20.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 29

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 12 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 | 1 | 2 |
| | | | 15 – 24 | 2 | 1 | 2 |
| | | | 25 – 34 | | 1 | |
| | | | 35 – 44 | | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 4 | | 45 – 54 | | | |
| | | | 55 – 64 | | | |
| | | | 65 – | | | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. Suðurendi – tvær íbúðir eru eign íbúa, en norðurendinn – tvær íbúðir eru eign fiskhúss, sem leigir þær út. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er í fremur sæmilegu ástandi, en viðhaldið er lélegt, m.a. er málningin ónýt. – Ekki nógu mikið. |
| Viðbyggingar | Engar, – en bak við húsið eru geymsluskúrar íbúanna í afar lélegu ástandi. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið – það má mjög vel sjá – hefur verið fallegt og mikið gert til að svo yrði. Svipurinn er þó heldur tekinn að fölna. Aðallega vegna lítils viðhalds. Í rauninni er þetta fallegt hús, þó án sérstaks gildis. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1908. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. 971 m³. Allar fjórar íbúðirnar eru 2 herbergi og eldhús og þrjár hafa eigið baðherbergi, en önnur leiguíbúðin hefur aðeins klósett. Í kjallara hefur hver íbúð sitt geymsluherbergi. – Sæmilegar íbúðir. – Lóð 243 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Sundstræti 31 A

Ísafirði,
25.7. 1973,
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins / Viðhald:** Húsið er í allgóðu ástandi, og viðhaldið hefur verið gott.

**Viðbyggingar / Fagurfræðilegt gildi:** Húsið er að norðan sambyggt Sundstræti 31, en að sunnan er lítið sund á milli þessa húss og Sundstrætis 29. Yfir þetta sund er byggt þurrk-herbergi, sem tengir saman 29 og 31 A og tilheyrir sinn helmingur hvorri íbúð. Þurrkherbergið er járnklætt.
— Þetta hús, sem er múrhúðað aðlagast viðbyggðu húsi, nr. 31, sem er járnvarið, afar vel. Öll stærðarhlutföll þessa húss eru þó fallegri en hússins nr. 31, en þó telst húsið ekki hafa sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins:** Timburhús. Byggt 1920. Múrhúðað. 2 hæðir og kjallari. 387 m³. 5 herbergi, eldhús og baðherbergi. Geymslur og þvottahús í kjallara. Þurrkherbergi á efri hæð. Góð og vistleg íbúð. Lóðin er 55 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Sundstræti 31

Ísafirði,
25.7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 7 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins:** Húsið er í góðu ástandi -

**Viðhald:** og hefur hlotið gott viðhald.

**Viðbyggingar:** - Engar, - undantekið frá að norðurhluti hússins, sem inniheldur aðra íbúð hússins er byggður við.

**Fagurfræðilegt gildi:** Þetta hús hefur ekki, - m.a. vegna viðbyggingarinnar, - hin látlausu og aðlaðandi innbyrðis stærðarhlutföll, sem húsin frá svipuðum tíma að jafnaði hafa. Þó virðist þetta nema skyni, sem fólk hefur haft fyrir samspili flatanna og stærðanna ekki hafa verið mikið. Húsið er varla hreint og beint fráhrindandi, en heldur ekki aðlaðandi. Telst ekki hafa einstakt fegurðarfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins:** Timburhús. Byggt 1880. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 608 m³. Norðurendi: 3 herbergi, eldhús og baðherbergi. Suðurhluti: 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Þ.e.a.s. báðar íbúðirnar ná yfir tvær hæðir og hafa sameiginlegan götuinngang og stiga upp á efri hæð. Í kjallara eru geymslur og þvottahús. Íbúðin í suðurendanum er nýsett í stand og mjög vistleg, hin er líka góð en hornskökk.
Lóðin er 172 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði,
27.7.1973.
Árni.

# Sundstræti 33

**Íbúafjöldi hússins:** 1

**Fjöldi fjölskyldna í húsinu:** 1

**Aldur heimafólks**

| | |
|---|---|
| 0 – 14 | |
| 15 – 24 | |
| 25 – 34 | |
| 35 – 44 | |
| 45 – 54 | |
| 55 – 64 | |
| 65 – | 1 |

**Eigendur/Leigjendur**

Hús og lóð í eigu dánarbús. Í húsinu býr dóttir manns þess er húsið átti.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er gamalt timburhús, sem í allmörg ár hefur ekki hlotið nóg viðhald. Dyttað hefur verið að húsinu þar og þegar eitthvað hefur látið undan. Útkoman er sundurleitt hús, og varla sæmilegt útlit og ástand. T.d. einfalt gler í gluggum.

Árið 1931 var byggð skúrbygging við endilanga vesturhlið hússins. Hún inniheldur eldhús og 2 herbergi. Þar af er annað herbergið í skúrbyggingu, sem byggð er út úr norðurgafli hússins og inniheldur verkstæði, sem staðið hefur ónotað í mörg ár.

Vegna lítils viðhalds hefur húsið haldið upprunalegu útliti, sem einkennist af tíðarinnar látleysi og einfaldri fegurð. Það sem seinna hefur verið á húsið borið er þó svo sundurleitt að húsið hefur tapað sínu heillega útliti og fagurfræðilega gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1895. Járnvarið. Norðurgafl klæddur asbesti. Ein hæð. 313 m³. Lóðin er 270 m².

**Íbúðarhús**

Sæmileg 3 herb. íbúð.

3 herbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús, og geymsla undir súð.

**Iðnaður**

Sæmilegt en ónotað lítið verkstæði.

Í viðbyggðri ~~skúr~~byggingu er smiðja eða verkstæði, sem staðið hefur ónotað í mörg ár. Þarna eru 2 herbergi og geymsla undir súð. Sæmileg aðstaða fyrir lítið verkstæði, t.d. skósmið.

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
23.7. 1973.
Árni

# Sundstræti 35

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eru eigendur lóðar og húss. |
| Ástand hússins | Húsið er í ágætu ástandi, - |
| Viðhald | enda hefur það hlotið mjög gott og jafnt viðhald. |
| Viðbyggingar | Lítil skúrbygging í átt að götu inniheldur, líklega forstofu. Húsið er sambyggt 35A, sem á hinn hlið er sambyggt 35B. Þau eru sjálfstæð hús. Þrátt fyrir það mynda þau skemmtilega heild. Húsið nr. 35 er lítið, látlaust og fallegt hús. |
| Fagurfræðilegt gildi | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1885. Járnvarið. Hæð og kjallari. 157 m³. 3 herbergi, lítið eldhús og klósett. Miðstöð og geymsla í kjallara. Góð lítil lóð. Lóð: 72 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Sundstræti 35 A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Húsið er í sæmilegu ástandi, en að ýmsu leyti farið að gefa eftir og sætir ekki viðhaldi, sem er nauðsynlegt til að hindra að hlutirnir láti eftir. T.d. eru gluggar með einföldu gleri og að nokkru leyti úr sér gengnir. Er verið að dútla við þá þessa daga.<br>Viðbygging við Sundstrætið, lítil skúrbygging, eykur pláss fyrir stiga upp í loft og fyrir inngang. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er sambyggt á báða vegu – húsinu nr. 35 og 35 B. Þessi þrjú hús mynda eina heild, sem hefur hlýlegt, látlaust en þó spennandi yfirbragð. Húsið nr. 35A er lakasta húsið af þessum þrem og hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi, en heild þessara þriggja húsa hefur slíkt gildi og hæfir götumyndinni vel. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1885. Hæð, rishæð og kjallari. 178 m³. Lóðin er 55 m² |
| Íbúðarhús | Sæmileg 4 herb. íbúð. — 4 herbergi, eldhús og klósett í kjallara. Í kjallaranum er ennfremur þvottahús og miðstöð. Íbúðin er sæmileg þrátt fyrir háan aldur. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
20. 7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 35 B

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Eignarlóð. Íbúar eru leigjendur húss.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Húsið er í sæmilegu ástandi. Verið er að taka það í gegn innan og verður íbúðin hin vistlegasta. Viðhaldið virðist gott og fer batnandi. Íbúarnir, sem leigja íbúðina af dánarbúi, borga leigu með viðhaldi.
Að vestan – á bakhlið – er viðbyggður skúr. Ónýtur.

**Fagurfræðilegt gildi**

Lítið hús og laglegt. Hefur skemmtilegt samspil innbyrðis hlutfalla. Telst ásamt aðliggjandi húsum (35 og 35 A), sem það myndar spennandi heild með, hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1913. 2 hæðir og kjallari. Járnvarið. 169 m³. 3 herbergi, lítið eldhús og baðherbergi í kjallara, ásamt geymslum og miðstöð. Verulega góð, lítil íbúð, sem vel er við haldið.
65 m² lóð.

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði.
23.7. 1973.
Árni

# Sundstræti 37

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins | Hús í góðu ástandi. |
| Viðhald | Viðhald alveg sæmilegt. |
| Viðbyggingar / Fagurfræðilegt gildi | Skúrbygging, járnvarin út úr húsinu að norðan inniheldur eitt herbergi. Þessi skúrbygging er sæmilega að húsinu löguð. Vestur úr þessari viðbyggingu er önnur skúrbygging, steinsteypt, sem inniheldur stofu, með útgangi í garðinn bak við aðalhúsið. Þessi steinsteypta viðbygging sker ekki í augun þar sem hún er sæmilega falin á bakvið. Húsið virðist því heillegt og heiðarlegt. Það er enda látlaust og fallegt, byggingarlag þessa húss. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1885. Járnvarið. Ein hæð. 239 m³. 6 lítil herbergi, eldhús og baðherbergi. Miðstöðvarkjallari. Skemmtileg, rúm og góð íbúð. Lóð: 118 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
20.7.1973.
-Árni-

# Sundstræti 39.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins | Húsið er í góðu ástandi utan sem innan. |
| Viðhald | Viðhaldið gott og jafnt. |
| Viðgerðir | Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Laglegt hús, einkennandi – en alls ekki sérstakt. Telst hafa fagurfræðilegt gildi, einkum vegna stærðarhlutfallanna. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. 341 m³. 6 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara miðstöð, búr og þvottahús. Góð og rúm íbúð. Lóð 154 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
26.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 41

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 7 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 5 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| Fjöldi fjölskylda í húsinu | 1 | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins:** Húsið er í góðu ástandi

**Viðhald:** – og viðhald er einnig gott, þó [illegible] [illegible] [illegible] á járnklæðningunni.

**Viðbyggingar:** – Engar.

**Fagurfræðilegt gildi:** Töluvert skemmtilegt hús, en [illegible] hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins:** Timburhús. Byggt 1882. Steinsteyptur suðurgafl. Annars járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 287 m³. 6 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara: þvottahús, geymslur og miðstöð. Ágæt íbúð.
Lóðin er 108 m²

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Önnur | |

Ísafirði,
26.7. 1973.
Árni.

# Sundstræti 41.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 2 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Tvíbýlishús, sem í öðru tilfellinu er búið af eiganda en í hinu af leigjanda. Eignarlóð.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Húsið er í sæmilegu ástandi, en viðhaldið virðist vera að verða slöpult. Þetta hús lítur töluvert verr út en sambyggt hús, einnig nr. 41, sem þó er byggt 14-15 árum fyrr. Íbúðir hússins eru óhentugar og hafa ekki hlotið viðhald, sem skyldi. Þær gætu orðið mun hentugri með tiltölulega einföldum tilkostnaði.
Viðbyggingar eru engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Nokkuð skemmtilegt hús og látlaust. Þetta hús virðist ekki eins vel byggt og hitt húsið nr 41, en þau mynda, sem eitt nokkuð skemmtilega heild, sem gerir að þau virðast eitt hús. Þau geta þó ekki talist hafa einstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Timburhús. Byggt [redacted] 1898. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 338 m³. Tvær íbúðir, önnur á efri hæð með inngang hvor fyrir sig. Íbúðin í norðurendanum eru 2 lítil herbergi, lítið eldhús og baðherbergi, sem er niðri við anddyrið. Hin íbúðin er 3 herbergi, eldhús og klósett, sem er niðri við anddyrið. Íbúðirnar eru afar litlar og óhentugar, einkum fyrir eldra fólk.
Lóðin er 106 m².

Ísafirði
7.8.1973.
Árni.

# Sundstræti 43

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. Húsið eign íbúanna. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Húsið er tiltölulega nýtt og vel útlítandi. Áhangandi lit, það því í friði, hvaðeina frá því | | |
| Fagurfræðilegt gildi | – að hans álit það ekki hafa fagurfræðilegt gildi, og að fremur bæri að sýna stækkun þess en hitt. | | |
| Notagildi hússins<br>Íbúðarhús<br>Iðnaður<br>Geymsla<br>Ónotað | Steinsteypt hús. Byggt 1957. 2 hæðir og kjallari. 666 m³. Lóðin er [illegible]86 m². Allt íbúðarhús. | | |

Ísafirði,
14.8.1973.
Árni.

# TANGAGATA.

Tangagata liggur norður-suður, frá Fjarðarstræti í norðri til Skipagötu í suðri og liggur rétt vestan Sundstrætis og samsíða því. Hún skerst um það bil miðju vegar af Silfurgötu og sunnarlega af Þvergötu.
Tangagata er gömul gata og gróin og vaxtarskilyrði hennar hafa verið önnur en gatna í dag. Húsin við götuna standa óreglulega fram við götuna, standa misþétt saman og hvað þeirra er án samræmis. Þessi óregla – eða fjölbreytni er eitt aðaleinkenni götunnar. Þó er hún ekki svo mikil að hún geri vegfarendur örvinglaða, heldur er samhengið það mikið, að yfir götunni hvílir einhver ró og festa. Húsin eru látlaus að byggingarlagi og nær öll klædd bárujárni. Það er eins og þau séu svo gróin í götumyndina að vegfarandi fær á tilfinninguna, að hér hafi þessi hús alltaf verið og, að hér muni þau alltaf verða. Það framkallar öryggiskennd: Hér geturðu skotið rótum án ótta við að þær verði rifnar upp. Það framkallar hlýju. Gatan hefur yfir sér hlýlegan svip og vinalegan, hlýju, sem nýju steinhúsahverfin með beinum byggingarlínum og jafn háum húsum skortir. Það er eins og Tangagata sé gerð af fólki – manneskjum með tilfinningar og skynbragð fyrir sams konar fólk og ekki fyrir skynlausar vélar. – Og því, þótt húsin hafi ekki fagurfræðilegt gildi eitt og eitt, hefur þetta umhverfi, þessi gata stórt gildi, hvort sem það getur kallast fagurfræðilegt eða ekki.
Frá Tangagötunni liggja mjó sund yfir í Sundstrætið og Skólagötuna. Þarna er dimmt á kvöldin þegar skyggt er orðið og þarna þekkja börnin hvern stein og hvert tré. Þarna fara fram leikir þeirra og svo á götunni og stundum í görðunum. – Hér er ekki allt fágað og fínt, ekki eingöngu beinar línur og útreiknaðir bogar, sem ræna börn hugmyndaflugi og sköpunargleði. En sundin og krókarnir hafa ekki fagurfræðilegt gildi og þau eru ekki teiknuð af arkitektum.
Í norðurenda götunnar gín Norðurtanginn tröllaukinn og ógnvekjandi yfir lágreist húsin eins og hann muni þá og þegar hellast yfir þau. Það er þegar rammveruleiki þarna norðurfrá – og sporin hræða. Norðurtanginn, hvers staðsetning hefur hlotið blessun skipulagssérfræðinga þrátt fyrir það, að hann er afleiðing skipulagsmistaka eins og þau gerast verst. Og sporin hræða.

Ísafirði
18.7. 1973.
Árni.

# Tangagata 4

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**
Íbúi eigandi húss og lóðar.

**Ástand hússins**
Húsið er í prýðilegu ástandi enda þótt gamalt sé.

**Viðhald**
Það hefur sætt sérstaklega góðu viðhaldi, þannig að það bæði er gott íbúðar og lítur einnig vel út – og heilsteypt.

**Viðbyggingar**
Skúrbygging norður úr húsinu. – Bílskúr, sem þó ekki er viðbyggður.

**Fagurfræðilegt gildi**
Mjög fallegt hús. Það hefur hið yfirlætislausa yfirbragð húsa frá þessu tímabili, og hefur hlotið umhyggjusamt viðhald, þannig að húsið hefur frekar orðið fallegra en nýtt. Í rauninni hjálpast allt hér að til að hækka fagurfræðilegt gildi hússins, sem þar af leiðandi er verulegt.

**Notagildi hússins**
Timburhús. Byggt 1884. Járnvarið. Sérstaklega vel við haldið. Rishæð, jarðhæð og kjallari.

**Íbúðarhús** [ x ]
351 m³, 6 herbergi, eldhús og baðherbergi. Notagildi stórt, en gæti nýst betur. 234 m² lóð.

**Iðnaður** [ x ]
~~[illegible]~~ Íbúi hússins – og jafnframt eigandi starfrækir hárgreiðslu-stofu í einu herbergi hússins.

**Geymsla** [ ]

**Ónotað** [ ]

Ísafirði
12.7. 1973
Árni

# Tangagata 6

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | | 1 |
| | | | 15 – 24 | | |
| | | | 25 – 34 | | 2 |
| | | | 35 – 44 | 1 | |
| | | | 45 – 54 | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 1 | |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Efri hæðin er búin af eiganda hússins, sem leigir neðri hæðina út.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið. Á efri hæð eru 3 samliggjandi herbergi, eldhús og baðherbergi. Á neðri hæð er sami herbergjafjöldi en aðeins klósett. Viðhald hússins er utan sem innan allgott, þó ekki eins gott á neðri hæð sem á efri hæð.
Húsið hefur verið breikkað töluvert og þar fengist aukið pláss fyrir herbergi.
Þessi breikkun hússins hefur einnig haft þær afleiðingar að húsið hefur misst allt samhengi innbyrðis hlutfalla. Í upphafi hefur þetta verið fallegt hús, en breikkunin rýrt þessa fegurð – ásamt nýjum gluggum – í leikmanna augum. Fagurfræðilegt gildi hússins er því einkum það að framhliðin fellur mjög vel að götumyndinni, það snertir innbyrðis stærðarhlutföll og byggingarlag – og efni.

**Notagildi hússins**

Notagildi íbúðanna er fullnægjandi. Húsið er allt 540 m³ og lóðin 330 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Prýðilegt. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Tangagata 6a

Ísafirði
17. 7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur að húsi

**Ástand hússins:** Timburhús. Hliðar járnvarðar. Gaflar múrhúðaðir. 6 herbergi, eldhús og bað.

**Viðhald:** Viðhaldið er sæmilegt. Hefur verið betra. Húsið var fyrir nokkrum árum að nokkru leyti endurbyggt og þá breytt allmikið.

**Viðbyggingar:** — Engar.

**Fagurfræðilegt gildi:** Endurbygging hússins hefur haft þær fagurfræðilegar afleiðingar, að húsið fellur illa að aðliggjandi húsum – í stórum og smáum atriðum, – og það hefur sem einstakt hús misst sitt fagurfræðilega gildi. Framhlið hússins snýr að bakgarði – sem er óvenjulegt í húsi í þessu hverfi – og hana er nærri ómögulegt að sjá nema úr garðinum. Það er þó ekki að gráta, því – framhliðin er eins lítið falleg og húsið í heild.

**Notagildi hússins:**

Íbúðarhús: Tiltölulega stór og góð íbúð. Við endurbygginguna hefur vantað fagleg ráð. 268 m³.

Iðnaður:

Geymsla:

Ónotað:

Ísafirði
12.7. 1973
Árni.

# Tangagata 8

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúendur eigendur húss og stórrar lóðar.

**Ástand hússins / Viðhald / Viðbyggingar:**
Timburhús. Byggt 1881. Múrhúðað. – Auk þess timburskúr – geymsla og góður bílskúr.
Eftir að eigendur tóku að eldast er viðhaldið ekki sem skyldi, en húsið virtist þó í allgóðu ástandi. 3 herbergi, eldhús, búr, bað og 2 geymslur.
Austur viðbygging – skúrbygging – út frá bakhlið innihaldandi stofu, geymslu ofl.

**Fagurfræðilegt gildi:**
Ásamt húsinu nr. 8A, sem er sambyggt myndar þetta hús einkennilega heild, sem meinast að hafa stórt fagurfræðilegt gildi. Í raun og veru eru þessi tvö hús ólík að byggingarlagi og efni, en heildin er aðlaðandi.
Þetta hús er mun eldra – og með eldri húsum í götunni og hefur því hlotið nokkuð annað byggingarlag. Viðbyggingin er sennilega vel smíðuð, hún eftir.

**Notagildi hússins:**
Gott lítil íbúð, sem með nokkurri nákvæmni verður áfram góð svo lengi sem vill!
Húsið er 343 m³ og lóðin 400 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Gott. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
11.7. 1973
Árni Ragnarsson

# Tangagata 8 a

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | | |

**Eigendur/leigjendur**

Ein íbúð á hvorri hæð er búin af sín hvorum eigendanum.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Ástand hússins er gott innan sem utan, og virðist vel við haldið. Það er steinsteypt og nýlega hefur verið skipt um járn á þaki. Á hvorri hæð eru 2 herbergi, eldhús og klósett. Húsið er 268 m³ og lóðin 92 m². Byggt 1924.

**Viðbyggingar**

– eru engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er byggt fast upp að húsinu nr. 8, sem er einni hæð lægra og úr timbri, sem svo hefur verið múrhúðað. Tangagata 8 a er fremur mjótt miðað við það séð frá götu, en myndar ásamt húsinu nr. 8 sérstæða heild, sem e.t.v. fremur mætti segja að væri einkennandi en fögur. Saman skapa þessi hús fjölbreytni í götumyndinni án þess að rjúfa nokkurt samhengi, sem í götunni er.

**Notagildi hússins**

Sem íbúðarhús er það ágætt, en íbúðirnar eru litlar og stiginn brattur. Stærð íbúðarinnar hæfir núverandi íbúum vel, en stiginn er erfiður.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Gott: Ágætt |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

ÍSAFIRÐI
11.7. 1973
Árni

# TANGAGATA 10

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS | 1 | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Eigandi býr húsið. Eignarlóð.

**ÁSTAND HÚSSINS**

**VIÐHALD**

**VIÐBYGGINGAR**

Húsið er í fremur lélegu ástandi, þar eð þak er lekt á köflum og viðhald er ekki sem skyldi, af persónulegum ástæðum eigandans. Skúr í bakgarðinum er mjög lélegur. Húsið er timburhús, klætt pappa, byggt 1881, 310 m³ með 195 m² lóð.
- eru engar

**FORNFRÆÐILEGT GILDI**

Þetta hús getur varla talist hafa sérstakt fornfræðilegt gildi utan þess, að það fellur vel inn í götumyndina, - og á ég þar við byggingarlag ásamt þeim aðstæðum síns tíma, sem húsið stendur fyrir.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

Sjálf íbúðin er í sæmilegu ástandi og með góðu viðhaldi gæti hún orðið ágæt. Herbergi hafa verið leigð út til skólapilta.

| | |
|---|---|
| ÍBÚÐARHÚS | Sæmilegt |
| IÐNAÐUR | |
| GEYMSLA | |
| ÓNOTAÐ | |

Ísafirði

17.7. 1973

Árni

# Tangagata 10

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 2 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Eignarlóð. Íbúar búa í eigin íbúðum.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Timburhús. Byggt 1910. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. Á efri hæð: 3 herbergi, eldhús og klósett. Íbúð á neðri hæð: 2 herbergi, eldhús og bað í kjallara. – Ástand hússins er sæmilegt. Verið er að gera íbúðina á efri hæðinni í stand. Á neðri hæðinni hefur viðhaldið verið dýrt gegnum árin – og haldlítið. Viðhald sæmilegt.

– Engar viðbyggingar.

Í raun og veru laglegt hús, en ekki nógu vel viðhaldið. – Byggingarlag og -efni ásamt innbyrðis stærðarhlutföllum falla vel að götumyndinni. Með betra utanhúss viðhaldi myndi húsið hafa verulegt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Litlar íbúðir, sem krefjast mikilla endurbóta ef þær eiga að geta talist góðar.

**Íbúðarhús**

Húsið er allt 314 m³ og lóðin 131 m².

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
12.7. 1973.
Árni

# TANGAGATA 12 OG 14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Fjöldi fjölskylda í húsinu | | | |
| Eigendur/leigjendur | Óbyggðar lóðir. Lóð nr. 12 er í eigu Ísafjarðarkaupstaðar en lóð nr. 14 er ekki nefnd í fasteignamati. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Lóðirnar eru í sóðalegu ástandi og notaðar sem eins konar bílakirkjugarður. – Lóðin númer 12 er 96 m². | | |

Notagildi hússins

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Tangagata 15

Ísafirði
19.7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

Húsið er í ágætu ástandi, þrátt fyrir allháan aldur.

**Viðhald**

Verið er að setja húsið í stand innan, þar sem eigendaskipti hafa nýlega farið fram. Annars hefur viðhaldið verið jafnt og gott. Járnvarið.

**Viðbyggingar**

- Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Lítið, látlaust en snoturt hús. Mjög einkennandi fyrir sinn byggingartíma. Nokkuð aðþrengt af viðbyggðum múrhúðuðum húsum að norðan. Þrátt fyrir þetta heldur húsið einkennum sínum og telst hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1878. Rishæð, jarðhæð og miðstöðvar- og geymslukjallari. Húsið er 263 m³. – 6 lítil herbergi, eldhús og baðherbergi. Íbúðin er afar skemmtileg og tiltölulega rúmgóð. Lóðin er 224 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
12.7.1973
Árni

# Tangagata 15 A

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 | |
| | | | 15 – 24 | | 1 |
| | | | 25 – 34 | | |
| | | | 35 – 44 | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 45 – 54 | 2 | 2 |
| | | | 55 – 64 | | |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Í hinum tveimur íbúðunum búa eigendur þeirra, sem einnig eiga lóðina.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Timburhús. Byggt 1903. Íbúð á neðri hæð: 3 herb. eldhús og bað. Í þrifalegu ástandi. Á efri hæð: 2 herb. og eldhús. Einnig í góðu ástandi. Viðhald hússins er gott — og jafnt.

**Viðbyggingar**

Lítil skúrviðbygging austur úr húsinu gefur pláss fyrir litla forstofu og bað og stærra herbergi á neðri hæðinni.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er járnvarið og sambyggt húsinu við hliðina, sem byggt var nokkrum árum síðar en svo vel aðlagað þessu húsi að þau líta í stórum dráttum út sem eitt hús. Ágæt samvinna er um viðhald milli íbúanna. Fagurfræðilegt gildi hússins krefst ekki stórra orða, en byggingarlag og efni hæfir vel aðliggjandi húsum og húsinu sjálfu.

**Notagildi hússins**

Hér eru tvær aðskildar íbúðir og notagildið er drjúgt enda þótt íbúðirnar séu litlar. Gengið er að húsinu frá Skólagötu inn í garðinn og inn í sjálft húsið að austanverðu. Húsið er 331 m³ og lóðin 170 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
12.7.1973.
Árni

# Tangagata 15 A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húsi og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald:** Timburhús. Byggt 1906. Járnvarið. 5 herbergi eldhús og bað. Tvær hæðir. Í góðu ástandi. Mjög gott.

**Viðbyggingar:** Skúrbygging gefur pláss fyrir eldhúsið og geymslu.

**Fagurfræðilegt gildi:** Þetta hús er byggt nokkrum árum seinna en sambyggt hús að sunnanverðu og hefur verið lagað byggingu vel að því. Þrátt fyrir þetta er fagurfræðilegt gildi þessi ekki stórt, en það fellur vel að aðliggjandi húsum. (Sjá annars 15A - hitt húsið)

**Notagildi hússins:** Ágætis íbúð og aðkoma greiðari en hinu húsinu, sem ber sama nafn og númer.

**Íbúðarhús:** Húsið 224 m³, lóðin 120 m²

**Iðnaður:**

**Geymsla:**

**Ónotað:**

Ísafirði
27. 7. 1973.
Árni.

# Tangagata 15 B

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðarskika. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er í góðu ástandi, hefur hlotið gott viðhald, sem líka er tiltölulega létt þrátt fyrir aldur hússins, þar sem það er steinsteypt. |
| Viðbyggingar | Timburskúr er byggður við húsið vestanvert, meðfram lóðamörkunum, með bílskúr í vestari hluta. Aðkoma frá Skólagötu. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er steinsteypt og illa að sambyggðu mjög fallegu húsi lagað. Það hefur ekki hið hlýja yfirbragð, sem annars einkennir húsin við Tangagötuna. Innbyrðis stærðarhlutföll hússins eru lagleg, en þó getur það ekki talist hafa fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Steinsteypt hús. Byggt 1921. 2 hæðir og kjallari. 245 m³. Lóðin er 85 m². |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | 3 herb. íbúð. góð. | 3 herbergi, eldhús og baðherbergi, geymsla og miðstöð í kjallara. Góð lítil íbúð. Létt í viðhaldi. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

# TANGAGATA 16

Ísafirði
12.7. 1973.
Árni

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | 55 – 64 | 1 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Eigandi býr í húsinu og leigir herbergi út til tveggja manna, og hluta húss fyrir gosdrykkjageymslu.

**Ástand hússins**
**Viðhald**
**Viðbyggingar**

Timburhús. Byggt 1897. Tveggja hæða. Járnvarið. 6 herbergi, eldhús og bað auk geymsluhúsnæðis, sem er nálægt hálf neðri hæð hússins. Viðhaldið í ýmsu ábótavant. Einfaldir gluggar, lítil einangrun og að vissu leyti er sér gengið bak. – Engar viðbyggingar. Húsið er 430 m³ og því fylgir 126 m² stór lóð.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er hornhús, sem sagt fremur áberandi – einnig vegna stærðar sinnar. Fagurfræðilegt gildi þess er ekki mikið. Á hinn bóginn fellur það sæmilega inn í götumyndina. Raunar er það synd fyrir þetta hús að hornhúsið hinum megin við Silfurgötuna, Tangagata 14 stendur ekki lengur og er nú samastaður ónýtra bíla.

**Notagildi hússins**

Húsið nýtist nú til íbúðar fyrir þrjá einhleypa menn og til geymslu á gosdrykkjum. Þar sem þetta er stórt hús mætti auka notagildið stórkostlega ef gosdrykkjunum yrði fleygt út og húsið endurbætt og gert íbúðarhæft fyrir fjölskyldur með börn. Viðurkennast skal þó, að íbúðir fyrir einhleypinga eru af skornum skammti á Ísafirði. Vel mætti ímynda sér að þetta hús gæti bætt úr þörfinni á þeim.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | x |
| Iðnaður | |
| Geymsla | x |
| Ónotað | |

Ísafirði
11.7. 1973.
Árni Ragnarsson

# Tangagata 17

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 9 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 4 | |
| | | | 15 – 24 | | |
| | | | 25 – 34 | 1 | |
| | | | 35 – 44 | 1 | 1 |
| | | | 45 – 54 | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | | 2 |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Tvær íbúðir, tvær fjölskyldur, sem eiga þá íbúð, sem þær búa í hvor fyrir sig.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Járnvarið timburhús í allsæmilegu ástandi. Viðhald sæmilegt. Mætti þó vera betra. Húsið er 611 m³ og lóðin 202 m².

**Viðbyggingar**

– engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er stórt og reisulegt og ber vitni stórhug, sem stingur í stúf við látleysi það, sem annars einkennir húsin við Tangagötu. Í rauninni er hér um fallegt hús að ræða, sem skerðist þó af húsinu við hliðina, sem hlotið hefur sína nýrri hluti og aukningar.

**Notagildi hússins**

Tvær góðar íbúðir hússins eru vel viðunandi og geta verið það í náinni framtíð.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Tvær góðar íbúðir. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
12.7. 1973.
Árni

# TANGAGATA 18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. | | |
| Ástand hússins | 100 m² | | |
| Viðhald | | | |
| Viðbyggingar | | | |
| Fagurfræðilegt gildi | | | |
| Notagildi hússins | Notagildi lóðarinnar: Hér mætti byggja íbúðarhús. Lítið að sjá. | | |
| Íbúðarhús | | | |
| Iðnaður | | | |
| Geymsla | | Skúr, sennilega geymsluskúr, í grátlegu ástandi er eina byggingin á lóðinni. | |
| Ónotað | | | |

Ísafirði 12.7.1973 Árni

# Tangagata 19

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 2 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúendur eigendur að húsi og lóð.

**Ástand hússins**

Timburhús. Byggt 1898. Múrhúðað. Tveggja hæða. 4 herbergi, eldhús og baðherbergi.

**Viðhald**

Húsinu er nú vel við haldið. Var að falli komið fyrir nokkrum árum, og þá nærri endurbyggt.

**Viðbyggingar**

– Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Hverfandi. Útskipting glugga og múrhúðun hússins hefur máð út öll fagurfræðileg einkenni hússins, sem kunna að hafa verið fyrir. Þökkað veri þó látleysi hússins, sem það ein hefur hverfur það inn í götumyndina án þess að afskræma.

**Notagildi hússins**

Notagildi hússins virðist nú fullt. Húsið er gott íbúðar og tiltölulega rúmgott. 229 m³ – lóðin 91 m².

Íbúðarhús

Iðnaður

Geymsla

Ónotað

# Tangagata 19 A.

Ísafirði
11.7. 1973.
Árni

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

| | |
|---|---|
| Eigandi/leigjendur | Eigandi býr í húsinu. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Steinsteypt lítið hús – tvö herbergi og eldhús í góðu ástandi. Húsið er 101 m³ og lóðin 86 m².<br>– er gott. |
| Viðbyggingar | – engar, en skúr í bakgarði. |
| Fagurfræðilegt gildi | Rýrt. Fellur illa að aðliggjandi húsum. Frábrugðið að byggingarlagi og byggingarefni. |
| Notagildi hússins | Ágæt lítil íbúð. |

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Ágætt. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Tangagata 20

Ísafirði,
24.7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 - 14 | |
| | | | 15 - 24 | |
| | | | 25 - 34 | |
| | | | 35 - 44 | |
| | | | 45 - 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 - 64 | 1 |
| | | | 65 - | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**
**Viðhald**
**Viðbyggingar**
**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er í góðu ástandi og hefur utan hlotið gott viðhald. Innan er það e.t.v. ekki eins gott og innraðið fremur óhentugt. Þessu má þó breyta með tiltölulega litlum tilkostnaði. Gæti orðið mjög góð íbúð.
Byggt hefur verið við húsið til norðurs og viðbyggingin mjög vel löguð að húsinu. „En vegna skakks skipulags varð viðbyggingin líka skökk", en þó lýtir hún ekki húsið. Að austanverðu er einnig mjög lág skúrbygging, ~~[illegible]~~ gömul.

- Húsið er fallegt, en því miður sambyggt kumbalda, sem ber sama nafn og númer og bíður tjón af. Þetta hús er eins og lítill norðurendi af hinu, en mun fallegra og hlýtur hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið. Rishæð, hæð og kjallari. 462 m³. 4 lítil herbergi, eldhús og baðherbergi. Verkstæði í kjallara.

**Íbúðarhús**

| | |
|---|---|
| Sæmileg 4 herbergja íbúð. | Íbúðin er sæmileg íbúðar. Eldhúsið miðdepill hennar er e.t.v. [illegible] þröngur. Lóðin er 136 m². |

**Iðnaður**

| | |
|---|---|
| Lítið verkstæði. | Í kjallaranum er verkstæði húsbóndans, sem er blikksmiður. |

**Geymsla**

**Annað**

# Tangagata 20

Ísafirði
24.7.1973.
Árni.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 12 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 4 | 2 |
| | | | 15 – 24 | 1 | 1 |
| | | | 25 – 34 | | |
| | | | 35 – 44 | 2 | 1 |
| | | | 45 – 54 | | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | | |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í góðu ástandi, enda tiltölulega nýendurbyggt og hefur hlotið gott viðhald.

**Viðbyggingar**

Byggt hefur verið við og ofan á húsið, sem er orðið gríðarlega stórt. Sambyggt - að norðan er lítið og fallegt hús, sem ber sama nafn og númer og er málað sömu litum.

**Fagurfræðilegt gildi**

Hafi húsið einhverntíma haft fagurfræðilegt gildi hefur það algjörlega glatast við endurbygginguna. Húsið er nú stór, svipalaus kumbaldi, sem gnæfir yfir nærliggjandi hús.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1906. Járnvarið. 570 m³.
2 hæðir og kjallari. Í húsinu eru tvær íbúðir. Á neðri hæð: 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð: 3 herbergi, eldhús og baðherbergi. Íbúðirnar eru báðar mjög þokkalegar, vistlegar og góðar. – Lóðin er 158 m².

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
11.7. 1973.
Árni

# Tangagata 21

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er í eign Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið eign íbúanna. | | | |

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Timburhús. Járnvarið. Þrjú herbergi auk eldhúss og baðherbergis. 208 m³ hús og 243 m² lóð. Gott.

**Viðbyggingar**

– engar. Skúr í garði notaður sem geymsla.

**Fagurfræðilegt gildi**

Lítið, látlaust hús, tvímælalaust aðlaðandi og hlýlegt. Hefur hlýjandi áhrif á umhverfið. Fallegt hús.

**Notagildi hússins**

Ágætt íbúðarhús – en stiginn – hann er brattur.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
11.7. 1973
Árni

# Tangagata 22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eru eigendur húss, en kaupstaðurinn á lóðina. |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Utanvert virðist húsið í viðunandi ástandi og nýir eigendur og íbúar þess eru nú að setja það í stand innan. Húsið hefur fjögur herbergi auk eldhúss og baðs og eru tvö herbergjanna byggð við húsið, – út úr norð-vestur horni og suð-austur horni hússins. – Timburhús – múrhúðað.<br>Þessar viðbyggingar rýra mjög fagurfræðilegt gildi hússins, þar eð byggingarlag þeirra fellur illa að hinu upprunalega húsi. Húsið hæfir þó götumyndinni mjög vel. |
| Notagildi hússins | Húsið er vel hæft til íbúðar og virtist betra eftir kynnin við grotnandi [illegible]... – skúr bak við húsið er til einskis nýtur. – Húsið er 231 m³ og lóðin 311 m² |
| Íbúðarhús | Gott. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði,
13.8.1973.
Árni.

# Tangagata 23

| | | |
|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur íbúanna<br>0 –<br>17 –<br>25 –<br>35 –<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | |
| Eigendur/leigjendur | Hús og lóð í einkaeign. | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Húsið virðist vera í mjög góðu ástandi og njóta sérstaklega góðs viðhalds. | |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er einkar fallegt og hæfir götumyndinni mjög vel. Stærðir hússins eru afar fallegar og hlýlegar og þó látlausar. Húsið nr. 23a er sambyggt að norðan og klemmir þetta hús mjög óþægilega og rýrir fegurð þess til muna. Húsið telst þó hafa fagurfræðilegt gildi, – og meira að segja í ríkum mæli. | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1888. Járnvarið. Hæð, rishæð og kjallari. 287 m³. Lóðin er 187 | |
| Íbúðarhús | | Athuganda tókst aldrei að finna íbúa heimafyrir. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Annað | | |

Ísafirði
12.7. 1973
Árni

# Tangagata 23 A.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 2 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Eigendur að húsi og lóð búa húsið. |
| Ástand hússins / Viðhald | Timburhús. Byggt 1932. Múrhúðað. Þrjú herbergi, eldhús og bað, búr og þvottahús. Ein hæð og kjallari. Sæmilegt. Þó er þörf meira viðhalds, en húsið má segja að sé í góðu ástandi eins og er. |
| Viðbyggingar | – Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Fagurfræðilegt gildi þessa húss er ekkert. Það er kassi, skúrbygging, ~~[illegible]~~ sambyggt húsinu Tangagötu 23, ~~og~~ sem er afar fallegt hús og rýrir það mikið. |
| Notagildi hússins | Sæmilegasta íbúð, þrátt fyrir óhagkvæma herbergjaskipun og litlum grunnflöt. Notagildið þarf þó að auka ef nýir íbúar koma til. Húsið er 173 $m^3$ og lóðin 58 $m^2$. |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
12.7. 1973.
Árni

# Tangagata 24.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**: Íbúar eigendur að húsi og lóð.

**Ástand hússins**

**Viðhald**: Timburhús. Byggt 1900. Járnvarið. Tveggja hæða. 4 herbergi, eldhús og bað og tvö lítil geymsluherbergi. Viðhaldið er allgott, – og verður efalaust betra. Ung hjón nýflutt.

**Viðbyggingar**: Skúrbygging innihaldandi stofu byggð austur úr húsinu. Vel að húsinu lögð.

**Fagurfræðilegt gildi**: Húsið hefur yfir sér stíl og heildsvip. Góður fulltrúi síns byggingartíma. – Fallegt hús.

**Notagildi hússins**: Húsið er gott svo og íbúðin. Nýtist vel. 258 m³ – lóðin er 227 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
12.7. 1973.
Árni

# Tangagata 26

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eru eigendur að húsi og lóð.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Byggingarsögulegt gildi**

Timburhús. Byggt 1897. Járnvarið. Viðbyggingar pappaklæddar. Tvær hæðir og kjallari. 5 herbergi eldhús, baðherbergi, þvottahús og búr. – Húsið er í allgóðu ástandi og sætir góðu viðhaldi enda íbúarnir nýfluttir inn. Nýlega verið skipt um járn á þaki. – ~~Aragrúi~~ viðbygginga hér og þar út úr húsinu eru allar skúr-byggingar. Innihalda stofu, þvottahús, baðherbergi, geymslur og herbergi.

– Hinar mörgu viðbyggingar hylja að mestu upprunalegt útlit hússins. Þær gefa húsinu þó gildi á þann hátt, sem þörf íbúanna fyrir meira húsrými hefur eins og sprengt veggina þar – og þegar þörf og geta var fyrir hendi. Það er eins og viðbyggingarnar séu sprottnar út úr húsinu og að húsið sé lifandi og vaxi. Stundum þarna, stundum hérna. Í upphafi hefur húsið verið fallegt og látlaust. Nú er það umfram allt sérkennilegt og lifandi.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**

Fullt notagildi. Rúm íbúð. 272 m³ og lóðin 299 m².

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
12.7.1973
Árni.

# Tangagata 29

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Eigandi býr í húsið. (Þ.e. ekkja býr í dánarbúi manns síns).

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Timburhús. Byggt 1885. Í góðu ástandi. Tvær hæðir og kjallari. 6 herbergi eldhús og bað. – Nýlega verið sett í stand innan. Þar sem timbrið í útveggjunum stendur óvarið að jöfnu en málningu, er hennar örugglega þörf nú. Smá skúrbyggingar – norðan úr innheldur herbergi og örlítið skúr að vestan. Skúrbyggingin að norðan hefur steyptan norðurvegg.

**Fagurfræðilegt gildi**

Afar fallegt hús. Timbrið í útveggjunum gefur því þann hlýleika, sem aðeins tré getur gefið. Litur hússins, sem að nokkru er horfinn hefur þó ekki verið af hlýlegri endanum. Húsið er einstakt þegar borinn er saman aldur þess og ástand/útlit. Það hlýtur að hafa einstakt gildi í upprunalegu ástandi því, sem það enn hefur, ásamt byggingarlagi og -efni.

**Notagildi hússins**

Í húsinu er góð og stór íbúð, nýlega endurbætt. Tónlistarskóli Ísafjarðar leigir þarna herbergi fyrir kennslustofu og Knattspyrnufélagið Hörður hefur og þarna aðsetur sitt. – Húsið er 426 m³ og lóðin 245 m².

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# TANGAGATA 30

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 2 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Ástand hússins er gott og hefur það hlotið gott viðhald. Verið er að taka í gegn járnklæðningu hússins – og þess hefur reyndar ekki verið vanþörf.

**Viðbyggingar**

Nýlega var byggð við tveggja hæða skúrbygging til austurs og er enn ekki að fullu lokið. Í þessari viðbyggingu er inngangur og stigi upp á efri hæð hússins. Yfir innganginum eru svalir.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur nokkuð laglegar stærðir, sem viðbyggingin rýfur að verulegu leyti. Húsið er nokkuð slitið úr götumyndinni, þar sem það stendur eitt austan vegar fyrir norðan Austurveg, og er mjög klemmt á tvo vegu af stórbyggingum Norðurtangans, sem gín alveg ofan í húsinu. Þetta er ferleg sjón og stórkostleg skipulagsmistök. Verðgildi lóðar og húss hlýtur að rýrna stórlega, þannig að sjálfsagt mun enginn kaupa nema Norðurtanginn. Húsið hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 549 m³. Lóðin er 176 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | 2 góðar 4 herb. íbúðir. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Í húsinu eru tvær íbúðir, ein á hvorri hæð. Gengið er inn á neðri hæðina frá Tangagötu og eru þar 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Uppi er sami herbergjafjöldi og baðherbergi og stórt anddyri, sem snýr út að Austurvegi. Í kjallara, sem er tvískiptur hefur hvor íbúðin einn miðstöðvarklefa. Kjallari undir viðbyggingunni er enn ekki tekinn í notkun.

Tvær góðar og vistlegar íbúðir.

# Tangagata 31

Ísafirði. 24.7. 1973. Árni.

**Íbúafjöldi hússins:** 12

**Fjöldi fjölskyldna í húsinu:** 3

**Aldur heimafólks**

| | | |
|---|---|---|
| 0 – 14 | 5 | |
| 15 – 24 | | 1 |
| 25 – 34 | 2 | |
| 35 – 44 | | |
| 45 – 54 | | |
| 55 – 64 | | 1 |
| 65 – | 2 | 1 |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur lóðar og húss.

**Ástand hússins / Viðhald / Viðbyggingar:**

Húsið er í góðu ástandi – einkum nyrðri hluti þess, þar sem eru tvær íbúðir. Viðhaldið á þessum enda er mun betra en á suðurhlutanum, enda þótt þetta viðhald að verulegu leyti hafi verið gert á kostnað fegurðar hússins.
Viðbyggingar eru engar.

**Fagurfræðilegt gildi:**

Suðurhluti hússins hefur yfirbragð látleysis og snyrtileika, en sá nyrðri hefur að miklu tapað fegurð sinni fyrir múrhúðun og gluggabreytingum. Raunar eru þessir tveir hlutar hússins svo gjörólíkir, að þeir líta fremur út sem tvö hús en eitt. Annað húsið er fallegt en skortir viðhald, hitt er ekki fallegt en hefur hlotið mjög rækilegt viðhald.

**Notagildi hússins:**

Timburhús. Byggt 1892. Járnvarinn suðurhluti, 2 hæðir, 197 m³, 3 herbergi, eldhús og klósett. 99 m² lóð. Múrhúðaður norðurhluti, 2 hæðir 464 m³. Íbúð á neðri hæð: 4 herbergi, eldhús og klósett. Íbúð á efri hæð: 6 herbergi, eldhús og baðherbergi. Lóð nyrðri hlutans er 223 m².
Í suðurhlutanum er hinn upprunalegi inngangur notaður sem geymsla og gengið er inn frá bakhlið. Upp á efri hæð norðurhlutans er einnig gengið inn frá bakhlið hússins.
Þrjár góðar íbúðir.

**Íbúðarhús:** 3 íbúðir.

**Iðnaður:**

**Geymsla:**

**Ónotað:**

Ísafirði
24.7. 1973.
Árni.

# TANGAGATA 32

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 - 14<br>15 - 24<br>25 - 34<br>35 - 44<br>45 - 54<br>55 - 64<br>65 - |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | | |

**Eigendur/leigjendur:** Eignarlóð.

**Ástand hússins:** Húsið er nýtt og í góðu ástandi.

**Viðhald:**

**Viðbyggingar:**

**Fagurfræðilegt gildi:** Út af fyrir sig er þetta þokkalegasta hús, en það er frábærlega illa að götunni lagað. Greinilegt er að við byggingu þess hefur engu máli skipt hvernig umhverfi hússins lítur út og hvernig mætti reyna að fella húsið að götumyndinni.
Húsið telst hafa neikvætt fagurfræðilegt gildi, vera stórskemmandi vinalegt og sérstætt hverfi – umhverfi.

**Notagildi hússins:**

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | Frystihús. |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
13.8. 1973.
Árni.

# Smiðjugata

Smiðjugata liggur norður-suður á milli Silfurgötu í norðri og Skipagötu í suðri og sker sunnarlega af Þvergötu, og er á milli Tangagötu og Brunngötu.
Húsin standa þétt saman – einkum að austanverðu fyrir norðan Þvergötu – og alveg frammi á götu. Þau hafa langa bakgarða, sem ná alveg út að Tangagötu. Oftast er aðkoma að austurhlið þessara húsa og þá hægt að ganga gegnum garðinn frá Tangagötu. Bakgarðarnir eru oftast vel grónir, með trjám og blómum og þar er mikil skúra-byggð, þar sem eru geymslur, þvottahús o.þ.h. Skúrarnir eru margir heldur illa útlítandi og sjálfsagt er engum einum, sem hefur fagurfræðilegt gildi, en þetta umhverfi – bakgarðarnir með skúrum, trjám og öðrum gróðri á ekki sinn líkt.
Vestanvert við Smiðjugötu standa flest húsin lengra frá götunni og er lóðarskikinn, sem verður á milli húss og götu girtur grindverki, sem í sumum tilfellum falla illa að götumyndinni. Þessir blettir eru ekki eins ræktarlegir og hinu megin og oft eru þar börn að leik. Bakgarðar þessara húsa eru litlir og sólar nýtur þar mjög lítið, þar sem húsin vestan götunnar eru yfirleitt tveggja hæða.
Lóðirnar við Smiðjugötu eru með einni undantekningu eignarlóðir. Bæjaryfirvöldum er því erfitt um vik að breikka götuna, en nú er hún illkeyrandi fyrir véltæki. Hún er svo þröng, að drullupollarnir enda flestir á veggjunum og gluggunum húsanna og veghefli er nær ómögulegt að þröngva eftir henni. Í þurrkum gerir rykstybban íbúunum lífið leiðara en íbúum annarra gatna. Börnin í götunni eru ekki mörg, en þau hafa lítið annað leiksvæði en götuna. Að sjálfsögðu mætti leysa þetta vandamál ef viljinn væri fyrir hendi. Inni í miðjum ferhyrningi þeim, sem markast af Silfurgötu, Smiðjugötu, Þvergötu og Brunngötu er töluvert stór eignarlóð, hæfilega stór og heppilega staðsett fyrir leiksvæði fyrir börn í hverfinu. (Sjá Silfurgata 8)
Að húsin við Smiðjugötu standa svo þétt saman og svo nálægt götunni gefur Smiðjugötu alveg sérstakan svip og gangandi manni sérstaka tilfinningu. Hann er umlukinn ákveðnu rúmi. Hann er staddur í bæ, meðal fólks, milli húsa. Eins konar öryggiskennd. Hann getur séð yfir það rúm, sem hann hreyfir sig í, stærðirnar eru hvorki tröllauknar né endalausar. Þær eru miðaðar við hæfi hans. Mannsins. Og Smiðjugata er einkar vel formuð fyrir fólk en ekki fyrir bíla eða veghefla. Húsin standa þétt saman og mynda ákveðið rúm, sem veitir öryggi og hlýju og bak við þau eru garðarnir. Þótt þeir nái ekki fram á götu eru þeir nógu stórir og skjólgóðir.
Smiðjugata hefur eina algjöra sérstöðu meðal gatna í bænum Sérstöðu, sem enginn gaumur hefur verið gefinn, hvorki af íbúum hennar né bæjaryfirvöldum. Íbúarnir halda sinni

Ísafirði,
13.8.1973.
Árni.

# SMIÐJUGATA frh.

húsi við án tillits til hvernig það lítur út eða húsin við götuna. Við breytingar og viðhald er viljinn hverfandi lítill fyrir því að reyna að varðveita kosti götumyndarinnar og skilningurinn enda í lágmarki fyrir þýðingu þess háttar ómaks. Bæjaryfirvöld sjá ekki ástæðu til að hefta för aur-slettanna upp á húsveggi eða inn á gólf. Slitlag á götum er vegna bílanna, vegna umferðarinnar, sem skal ganga snurðulaust. Og Smiðjugata er lítil gata og lítil umferðargata. Athugandi vill segja álit sitt. Holræsagerð götunnar þarf að endurbæta þannig að það virki og gatan þarf ofaníburð eða slitlag, sem hæfir gangandi fólki og götumyndinni. Öll umferð véltækja um götuna skal hefta. Við breytingar og viðhald húsa skal leyfa ráða manni eða mönnum, sem skilja og virða sérstöðu götunnar. Sárin gróa illa - þau eru þegar komin of mörg og mega ekki verða fleiri eða stærri.

Ísafirði
12.7. 1973
Árni.

# Smiðjugata 1

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 7 | Aldur heimafólks | 0 – 14 |<br>15 – 24 1 |<br>25 – 34 |<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – 2 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | |

**Eigendur/leigjendur**

Í öllum tilfellum búa eigendur íbúðanna í þeim. Eignarlóð.

**Ástand hússins**
**Viðhald**
**Viðbyggingar**
**Fagurfræðilegt gildi**

Timburhús. Byggt 1904. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. Íbúð á efri hæð: 3 herbergi, eldhús, búr, klósett. Íbúð á neðri hæð: 2 herbergi, eldhús og klósett í kjallara. Húsið er í góðu ástandi og vel við haldið. — Steinsteypt viðbygging norður úr húsinu – ein hæð – inniheldur litla íbúð tvö herbergi eldhús og baðherbergi. Þessi íbúð er í mjög góðu ástandi en miðstöð og rafmagnsinntaka (og -tafla) eru í aðalhúsinu. Þegar fólk flytur úr þessari íbúð munu vandkvæði koma til vegna þessa. Nú eru foreldra-tengsl orsök þess, að hægt er að búa þessa litlu íbúð

Vinalegt og fallegt hús. Hin steinsteypta viðbygging er ekki fallega aðlöguð aðal-húsinu en er í góðu samræmi (ósamræmi) við aðrar byggingar í götunni.

**Notagildi hússins**

Í aðalhúsinu eru tvær ágætis-íbúðir, svo og í skúrbyggingunni. Húsið er (1970) 341 m³ og því fylgir 160 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
19.7. 1973.
Árni

# Smiðjugata 2

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 8 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 |
| | | | 15 – 24 | 3 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Lóð og hús í eigu Ísafjarðarkaupstaðar. |
| Ástand hússins | Húsið er í frekar lélegu ástandi, þó enn sé það íbúðarhæft. |
| Viðhald | Í ýmsu ábótavant – enda á bæjarfélagið í hlut. |
| Viðbyggingar | Skúrbygging til norðurs. Hænsnahús. Sjálfsagt íbúðarhæfur fyrir hænsn en ekki fólk. Viðhaldið er lélegt. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er afar einkennandi fyrir byggingar síns tíma. Stærðarhlutföll og innbyrðis samspil þeirra gerir það fallegt – þrátt fyrir lélegt viðhald á svo gömlu húsi. Telst hafa verulegt fagurfræðilegt gildi. |

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1862. Járnvarið. Rishæð og jarðhæð. 4 herbergi, baðherbergi og mjög lítið eldhús. Húsið er allt 320 m3. Slæmt hversu lítið eldhúsið er, en notagildið mætti ugglaust auka með því að minnka örlítið pláss hænsnanna og gefa íbúum – fólkinu í húsinu af því. 383 m² lóð

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
19.7. 1973.
Árni

# Smiðjugata 4

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins | Húsið er í sæmilegu ástandi, þó líklega hafi það ekki verið vel byggt. |
| Viðhald | Viðhaldið virðist og sæmilegt einkum að utanverðu.. |
| Viðbyggingar | Litlir skúrar viðbyggðir til austurs. Allt mjög þokkalegt. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er afar lítið. Það að byggja slíkt hús.... Sem sagt segir það sína þjóðfélagssögu, þarna sem það stendur í auðmjúku látleysi og einföldum snotrleika. Tel það hafa töluvert fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1915. Múrhúð. gafl. Járnvarðar hliðar. 183 m³. 4 lítil herbergi, eldhús og baðherbergi (sturta). Rishæð, hæð og kjallari, þar sem eru geymslur og miðstöð. Íbúðin er mjög lítil, þröng og að nokkru leyti óhentug í notkun, en gæti orðið skemmtileg með bættu viðhaldi. 65 m² lóð. |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Smiðjugata 5

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | |
| | | 0 – 14 | |
| | | 15 – 24 | 2 |
| | | 25 – 34 | 1 |
| | | 35 – 44 | |
| | | 45 – 54 | 1 |
| | | 55 – 64 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð í eigu Tónlistarfélags Ísafjarðar.

**Ástand hússins**

Húsið er í mjög góðu ástandi,

**Viðhald**

– enda virðist viðhald gott og húsið vera vel byggt.

**Viðbyggingar**

– Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Reisulegt, fallegt hús, sem ber vitni því, að á Ísafirði hafi líka verið til aristokrati og tildurs-háttur. Mikið hefur verið í húsið borið. Þannig er það á vissan hátt móþandi andstæða að-liggjandi húsa, en þó má glöggt sjá að miklu nýrra er það ekki. Húsið hlýt hafa verulegt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1923. Járnvarið. Risþak, tvær hæðir og kjallari. 592 m³. 7 herbergi, eldhús og baðherbergi. Geymslur í kjallara. Þrifaleg íbúð og mjög stór. – Húsið er jafnframt aðsetur Tónlistarskóla Ísafjarðar og er búið innanum hann – Kennslustofur notaðar til íbúðar.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
17.7. 1973.
Árni.

# Smiðjugata 6

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Eignarlóð. Hús búið af eigendum.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Timburhús. Byggt 1880. – Lítið er eftir af þessu húsi, sem var mjög lítið. 1957 var byggð hæð ofan á þetta hús og húsið 6A. Múrhúðað. 2 hæðir, og kjallari. 6 herbergi, eldhús og bað, kynding í kjallara. Húsið er í mjög góðu ástandi og sætir enda sérstaklega góðu viðhaldi.
Engar viðbyggingar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Við endurbyggingar hefur húsið misst öll innbyrðis stærðarhlutföll svo og stærðarhlutföll götunnar. Það lítur einnig út fyrir að vera hús allt annarra tíma, staðhátta og aðstæðna en önnur hús götunnar. Að lokum hefur húsið ekkert við sig sem gefið getur því fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**

Mjög góð og tiltölulega stór íbúð. Húsið er áfast nr. 6A 440 m³ og þeim fylgir 200 m² lóð.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
17.7. 1973.
Bent.

# Smiðjugata 6A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur:** Búið af eiganda.

**Ástand hússins / Viðhald:** Timburhús. Byggt 1946. Sé ein hæð. Byggt ofaná 1957. 2 hæðir. 3 herbergi, eldhús og salerni. Á afar góðu ástandi og hefur einstaklega gott viðhald.

**Viðbyggingar:** Engar.

**Fagurfræðilegt gildi:** Húsið nemst ásamt húsinu nr. 6 sem eitt hús og hefur því líkt fagurfræðilegt gildi og það. Úr bakgarðinum er mögulegt að láta sér detta í hug að um tvö hús er að ræða.

**Notagildi hússins**

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Ágæt lítil íbúð. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
17.7. 1973.
Árni.

# Smiðjugata 7

**Íbúafjöldi hússins:** 13

**Fjöldi fjölskyldna í húsinu:** 2

**Aldur heimafólks**

| | | |
|---|---|---|
| 0 – 14 | 4 | 2 |
| 15 – 24 | | 3 |
| 25 – 34 | 2 | |
| 35 – 44 | | 1 |
| 45 – 54 | | 1 |
| 55 – 64 | | |
| 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Eignarlóð. Íbúar eru eigendur hússins.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fegurðargildi**

Timburhús. Byggt 1909. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. Á neðri hæðinni eru 2 herbergi, eldhús og klósett (tæpur 1 m² að flatarmáli) fyrir báðar hæðirnar. Þessi íbúð er búin af 6 manna fjölskyldu. Á efri hæð eru 3 herbergi og eldhús. Ástand hússins virðist að teljast sæmilegt – svo og viðhaldið. – Verið er að byggja við norðurenda hússins. Tveggja hæða viðbyggingu. Búið er að steypa gaflinn, sem er ríkjandi og áberandi atriði í götunni. Ljóst er að þörf var bættrar aðstöðu – hreinlætisaðstöðu, en það er hryggilegt að þessi lausn á málinu hafi verið valin.

Húsið hefur verið nokkuð fallegt hús og fallið vel til í götunni. Þó hefur það varla haft umtalsvert fagurfræðilegt gildi. – Áhrif viðbyggingarinnar er of snemmt að dæma, en allt bendir til þess, að þau verði slæm – rýrandi fyrir útlit hússins og götunnar.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**

Tvær litlar íbúðir, sæmilegar að öðru leyti en því, að hreinlætisaðstaðan er vægt út sagt léleg. Húsið er 443 m³ og því fylgir 138 m² lóð. (Aths! : 1970-stærðir)

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Smiðjugata 8

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**: Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**: Húsið er í sæmilegu ástandi, en viðhaldið er tekið með ró. Þess er þörf – einkum utan, enda þótt íbúðin sé sæmileg.

**Viðbyggingar**: Húsið er sambyggt öðru húsi að sunnan er ber sama nafn og númer. Viðbyggingar eru engar.

**Fagurfræðilegt gildi**: Smiðjugata 8 eru þrjú hús. Öll lítil. Tvö þau nyrðri hæfa hvort öðru vel og mynda nokkuð góða heild, sem syðsta húsið ekki passar vel við. Þau standa öll saman alveg út í götu – Smiðjugötu en bakgarðurinn er töluvert langur út að Tangagötu og þar er gengið inn í þau öll. Ekkert húsanna hefur einstakt fagurfræðilegt gildi og það hefur sú heild, sem þessi þrjú hús mynda heldur ekki. – Sjá annars önnur blöð nr. 8.

**Notagildi hússins**: Timburhús. Byggt 1933. Járnvarið. Hæð og kjallari 152 m³. Lóðin 92 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Sæmileg 2 herb. íbúð. | 2 herbergi, eldhús og baðherbergi. Miðstöðvarkjallari. Íbúar búa sig undir að flytja. Íbúðin er þó sæmileg. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Smiðjugata 8

| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | |
|---|---|---|---|
| | | 0 – 14 | |
| | | 15 – 24 | |
| | | 25 – 34 | |
| | | 35 – 44 | |
| | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | 55 – 64 | 1 |
| | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúi eigandi húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í alveg sæmilegu ástandi enda þótt ytra viðhald sé töluvert ábótavant. Af hinum þrem húsunum, sem bera nr. 8 við Smiðjugötu, er þetta hús best og þokkalegast og íbúðin vistlegust.

**Viðbyggingar**

Engar. En sambyggt er á báða bóga og bera öll húsin nr. 8, Smiðjugötu. Þetta er sem sagt miðhúsið.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi, en tekur vel út ásamt húsinu, sem sambyggt er að norðan. Einkum og sér í lagi ef litið er frá Tangagötu, og þaðan er þessi heild þriggja húsa nokkuð skemmtileg og eiga bakgarðarnir sinn þátt í því. Þrátt fyrir þetta getur heldur ekki heildin hafa sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1878. Járnvarið. Hæð, rishæð og kjallari. 117 $m^3$. Lóðin er 79 $m^2$.

| | | |
|---|---|---|
| **Íbúðarhús** | Góð 2 herb. íbúð. | 2 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara miðstöð og geymslukompa. Skúr á lóð er þvottahús. Góð og vistleg íbúð. |
| **Iðnaður** | | |
| **Geymsla** | | |
| **Ónotað** | | |

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Smiðjugata 8

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í slæmu ástandi og viðhald hefur ekki verið nándar nærri fullnægjandi. Þakið lekur og gluggar eru lélegir og húsið skortir viðhald ef vel skal fara.

**Viðbyggingar**

Skúrbygging til austurs er anddyri.

**Fagurfræðilegt gildi**

Af þrem húsunum, sem bera númer 8 við Smiðjugötu og eru sambyggð, er þetta hús (syðst) lélegast og minnst fallegt. Raunar hafa hin orðið þokkaleg utan, en ekki þetta, sem rýfur sig út úr heildinni, múrhúðað með hallandi skúrþaki eftir að risinu hefur verið lyft. Húsið hefur ekki fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1878. Hæð og rishæð. 112 m³.
Múrhúðað. Lóðin er 167 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Léleg 3 herb. íbúð. | 3 herbergi, eldhús og klósett. Lítil og þröng og fremur léleg íbúð. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
17.7. 1973
Árni.

# SMIÐJUGATA 9

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS | 9 | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 – 14 | 2 3 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 1 |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU | 2 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Íbúar eigendur að lóð og húsi.

**ÁSTAND HÚSSINS**

**VIÐHALD**

**VIÐBYGGINGAR**

**FEGURÐARGILDI GILDI**

Timburhús. Byggt 1899. Járnvarið. Tvær hæðir og kjallari. Á neðri hæð: 3 herbergi, eldhús og baðherbergi. Kjallarinn fylgir þessari íbúð. Hann notaðt fyrir geymslu. Á efri hæð 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Ástand og viðhald húss og íbúða er einstaklega gott.
Byggt hefur verið norður úr húsinu – úr steinsteypu. Viðbyggingin hefur stærri stofu og svefnherbergi á neðri hæð og stigahús og herbergi og baðherbergi á efri hæð.
Húsið [redacted] lítur vel út sökum góðs viðhalds.
Það er umkringt hjáðri girðingu – nýrri.
Viðbyggingin er greinileg.
Húsið hefur ekkert umtalsvert fagurfr. gildi.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

**ÍBÚÐARHÚS**

Tvær prýðisgóðar íbúðir, sem til samans eru 589 m³ að stærð og þeim fylgir 211 m² eignar lóð.

**IÐNAÐUR**

**GEYMSLA**

**ÓNOTAÐ**

Ísafirði
17.7. 1973.
Árni

# Smiðjugata 10

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 13 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 6 |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

Ástand hússins er sæmilegt —

**Viðhald**

— og viðhaldið eftir því. Mætti vera meira.

**Viðbyggingar**

Steinsteypt tveggja hæða viðbygging til suðurs inniheldur herbergi. — Víðáttumiklir skúrar á lóðinni út við Tangagötu. Illa útlítandi, en ekki viðbyggðir.

**Fagurfræðilegt gildi**

Viðbyggingin er að byggingarlagi vel að húsinu löguð — en ekki að byggingarefni. Þó rýrir það varla fagurfræðilegt gildi hússins, sem ekki var stórkostlegt fyrir.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1874. Járnvarið. Tvær hæðir og miðstöðvarkjallari. 635 m³. Tvær íbúðir. 9 manna fjölskyldan býr í nyrðri endanum, sem telur 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Íbúðin í syðri enda telur sama fjölda herbergja og eldhús og bað, en er nokkru stærri að flatar- (og rúm-)máli. Íbúðirnar eru báðar vel góðar og rúmar en þyrftu meira viðhald. — Lóðirnar til samans eru 295 m².

**Íbúðarhús**

Tvær góðar íbúðir.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Annað**

Ísafirði
17.7. 1973.
Árni.

# Smiðjugata 11

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur lóðar og húss.

**Ástand hússins**
**Viðhald**
Timburhús. Byggt 1884. Járnvarið. Rishæð, kjallari og jarðhæð. 4 herbergi, eldhús og bað. Húsið er í góðu ástandi og viðhaldið er ágætt. Nýlega verið tekið í gegn! Vantar bara málningu á húsið utanvert.

**Viðbyggingar**
– Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**
Snoturt hús sem hæfir vel götunni. Lítið og látlaust. Telst hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

**Íbúðarhús**
Góð íbúð, sæmilega rúmgóð í góðu ástandi. Húsið er 296 $m^3$ stór og lóðin 192 $m^2$.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
17.7. 1973.
Árni.

# Smiðjugata 11a

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | 1 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | 1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Steinsteypt. Byggt 1911. Tvær hæðir og kjallari 5 herbergi, eldhús og bað. Geymslur í kjallara. Trégólf. Húsið er í góðu ástandi og sætir enda góðu viðhaldi og jöfnum. |
| Viðbyggingar | - Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Þótt húsið sé með steinsteyptum veggjum hefur það að nokkru leyti haldið stærðarhlutföll annarra húsa götunnar. Þó er það fremur hærra. Húsið hefur ekkert sérstakt fagurfræðilegt gildi, en stingur ekki heldur í stúf. Hæfir götunni bara vel. |
| Notagildi hússins | |
| Íbúðarhús | Góð íbúð, en fremur lítil, í góðu ástandi. 468 m³. Lóðin 119 m². |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
13.8.1973.
Árni.

# SMIÐJUGATA 12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS | 1+ | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU | 2 | | 45 – 54 | 1 |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Suðurhluti hússins og lóð er eign íbúanna, en norðurendinn er eign dánarbús, sem búinn er af bróður fyrrv. eiganda.

**ÁSTAND HÚSSINS**

**VIÐHALD**

Ástand hússins er sæmilegt, svo og viðhald. Þó er það sýnu lakara á norðurhlutanum en hinum syðri.

**VIÐBYGGINGAR**

Lítil skúrbygging til austurs.

**FAGURFRÆÐILEGT GILDI**

Húsið er lágt og lágreist. Það hefur nokkuð skemmtileg stærðarhlutföll innbyrðis, vinaleg og látlaus, aðlaðandi. Húsið passar götumyndinni vel – þó einkum Silfurgötu, þar sem það myndar skemmtilega heild ásamt Silfurgötu 12 og 12a. Þessi heild eða húsið eitt hefur þó ekki einstakt fagurfræðilegt gildi.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

Timburhús. Byggt 1880. Járnvarið. Hæð, rishæð og kjallari. 290 m³. Lóðin er 141 m².

| | |
|---|---|
| ÍBÚÐARHÚS | 2 íbúðir |
| IÐNAÐUR | |
| GEYMSLA | |
| ÓNOTAÐ | |

Norðurhluti:
2 lítil herbergi, klósett og herbergi, sem hefur flest það sem eldhús á að hafa, nema að þar er ekki hægt að elda. Eldunaraðstaða er í gamla eldhúsinu sem er svo lítið að maður vart kemst þar fyrir. Þessi tvö herbergi, sem saman eru eldhús eru sitt hvorum megin í húsinu. Mjög lágt undir loft. Íbúðin er afar þröng og lítil. Gengið er inn frá porti við Silfurgötu.
Suðurhluti:
Gengið inn frá Smiðjugötu. Hér tókst athuganda aldrei að hitta íbúa fyrir heima.

Ísafirði
8.8.1973
Árni.

# Smiðjugata 13

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br>2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er í ágætu ástandi og einkar vel við haldið. |
| Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Að norðan er skúrviðbygging – sennilega byggð í tveim áföngum. Fyrri áfanginn er klæddur bárujárni eins og húsið, en sá seinni sléttu járni. Í þessari viðbyggingu er starfrækt gullsmíðaverkstæði og -verzlun í leiguhúsnæði. – Að sunnan er viðbyggður timburbílskúr.<br>– Enda þótt viðbyggingarnar séu ekki nema sæmilega vel lagaðar að húsinu, er það fallegt, – einfalt, hlýlegt og látlaust eins og einkennandi er fyrir hús frá þessu tímabili. Sérstaklega gott viðhald hjálpar líka upp á fagurfræðilegt gildi það, sem húsið telst hafa. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1890. Járnvarið. Hæð, rishæð og kjallari. 374 m³. Lóðin er 222 m². |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Góð 5 herb. íbúð. | 5 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er miðstöð og geymsla. Býsna góð og vistleg íbúð. Rúm og vel við haldið. |
| Iðnaður | Gullsmíðaverkstæði- og -verzlun | Gullsmíðaverkstæði og -verzlun, sem til húsa er í skúrviðbyggingunni og gengið inn í frá Silfurgötu, var alltaf læst og lokuð er athugandi var á ferli. |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
24.7. 1973.
Árni.

# Brunngata 7

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | | |
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. | | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Nýtt íbúðarhús í mjög góðu ástandi. | | | |
| Fagurfræðilegt gildi | Sögulegt gildi hefur húsið ekki í ríkum mæli. | | | |
| Notagildi hússins | Steinsteypt hús. Byggt 1943. 2 hæðir og kjallari. 716 m³. | | | |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | | |
| | | Lóð: 85 m². |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði, 24.7. 1973.
Árni.

# Brunngata 10

**Íbúafjöldi hússins:** 18

**Fjöldi fjölskyldna í húsinu:** 5

**Aldur heimafólks**

| Aldur | | | |
|---|---|---|---|
| 0 – 14 | 3 | 4 | 1 |
| 15 – 24 | 1 | | 2 |
| 25 – 34 | | 2 | |
| 35 – 44 | | | |
| 45 – 54 | 2 | | |
| 55 – 64 | | | |
| 65 – | | | 2 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eru eigendur lóðar og íbúða þeirra, sem þeir búa í burtséð frá einni, ungum hjónum með barn sem leigja – og öldruðum manni, sem býr í kjallara. Sá gamli býr þar ólöglega, en vill ekki fara. Hann borgar ekki húsaleigu – neins konar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Húsið er í fremur slæmu ástandi og viðhald er langt í frá sem skyldi. Þetta er afar stórt hús og erfitt í viðhaldi, en þó steinsteypt. Hreinlætisaðstöðu er í ýmsu ábótavant og í vissum tilfellum hljóta aðstæðurnar að kallast heilsuspillandi. Íbúðirnar eru yfirleitt óhagkvæmar og sjálfsagt mikill tilkostnaður að bæta ástand hússins.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er rosalegt einfalt. Án samhengis við byggðina ~~…~~ kringum það. Ljótt er það nú varla í sjálfu sér – en heldur ekki fallegt – og hæfir götumyndinni einstaklega illa. Án fagurfræðilegs gildis og án fallegra stærða og stærðarhlutfalla.

**Notagildi hússins**

Steinsteypt hús. Byggt 1910. 2 hæðir, rishæð og kjallari. 1249 m³. – Uppi að norðan eru tvær íbúðir. Önnur 3 herbergi, eldhús og geymsla. Hin 4 herbergi og eldhús. Þessar íbúðir ~~…~~ hafa sameiginlegan inngang, gang og þar er sameiginlegt klósett. Í suðurendanum eru þrjár íbúðir, þar af ein, sem yfirvöld hafa bannað að nota. Hún er í kjallara. Þar býr samt gamall maður. Í kjallaranum eru 6 herbergi. Uppi að sunnan búa eldri hjón í 4 herbergja íbúð, eldhús og klósett. Þau eiga jafnframt hina íbúðina í þessum enda, sem þau leigja út. Þessi íbúð hefur 2 herbergi og eldhús með klósetti. (Klósett í eldhúsinu).

| | |
|---|---|
| **Íbúðarhús** | 5 íbúðir og stór kjallari. |
| **Iðnaður** | |
| **Geymsla** | |
| **Önnur** | |

Lóðin er 360 m².

# Brunngata 12 a.

Ísafirði
24.7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>1 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | | |

**Eigendur/leigjendur**
Eignarlóð. Íbúi annarrar íbúðarinnar er eigandi hennar. Íbúar hinnar eru fyrrverandi eigendur hennar en flytja bráðum og hafa selt til fyrirtækis

**Ástand hússins**
Ástand hússins er mjög gott.

**Viðhald**
Sæmilegt.

**Viðbyggingar**
– Engar, en frá ~~suðvestur~~[illegible]-horni hússins liggur lágur, langur skúr meðfram götunni.

**Fagurfræðilegt gildi**
Fagurfræðilegt gildi hússins er lítið – ekki umtalsvert, enda þótt það sé ekkert ljótt.

**Notagildi hússins**
Steinsteypt hús. Byggt 1929. Hæð, rishæð og kjallari. 419 m³. Íbúð á neðri hæð: 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð: 3 herbergi, eldhús og klósett og geymslur í kjallara. Tvær góðar íbúðir.
Lóð: 177 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | 2 góðar íbúðir. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Brunngata 12 B

Ísafirði,
24.7. 1973.
Árni.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 10 | Aldur heimafólks | 0 - 14 | 2 | | 3 |
| | | | 15 - 24 | | | |
| | | | 25 - 34 | 1 | | |
| | | | 35 - 44 | 1 | | 1 |
| | | | 45 - 54 | | 1 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | 55 - 64 | | | |
| | | | 65 - | | 1 | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð í eigu Ísafjarðarkaupstaðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Ástand hússins er óhæft. Það er í niðurníðslu og sætir enda engu viðhaldi. Það hríðar inn á veturna, þök leka, stór göt eru í gólfi, rafmagnslögn er ólögleg og beinlínis stórhættuleg, gler er einfalt og rottu- og músagangur ríkjandi. Íbúðirnar eru heilsuspillandi og húsið betur hæft til niðurrifs en endurbyggingar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er gamalt, viðhaldið ekkert og því er það orðið sóðalegt, ljótt og hefur tapað öllu gildi, bæði fagurfræðilegu og notagildi, þótt til skamms tíma hafi hvort tveggja verið gott.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1860. Hæð og kjallari. 385 m

**Íbúðarhús**

Íbúð í suðurenda: 4 lítil herbergi, eldhús, klósett (-skápur) og geymsla. Miðíbúð: 2 herbergi, eldhús, klósett og sturta. Íbúð í norðurenda: 3 lítil herbergi, klósett (-skápur), eldhús og geymsla m. einkakyndingu.
Notagildi allra þriggja íbúðanna: Óhæfar sem mannabústaðir.
Lóðin er 329 m².

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

# Brunngata 13

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Hús og lóð eign íbúa |

| | |
|---|---|
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Húsið virðist í sæmilegu ástandi og virðist hljóta gott viðhald. Íbúinn, sem að ofan er getið, býr þó lítið í húsinu, sem virðist standa ónotað að mestu. Athuganda tókst ekki að vekja upp líf í húsinu, en nágrannar gáfu honum þá vitneskju, að gamla konan byggi ekki í húsinu meira, en börn hennar reyndu að halda því við fyrir hana þrátt fyrir það.<br>Húsið hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi. |

| | |
|---|---|
| Notagildi hússins | Timburhús. 2 hæðir og kjallari 132 $m^3$. Lóðin er 30 $m^2$. |
| Íbúðarhús | Íbúðarhús. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði,
24.7. 1973.
Árni.

# Brunngata 14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. |
| Ástand hússins | Húsið er tiltölulega nýlegt og í góðu ástandi. |
| Viðhald | Viðhald alveg ljómandi gott. |
| Viðbyggingar | -Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Ekkert. |
| Notagildi hússins | Steinsteypt hús. 2 hæðir. Byggt 1946. 631 m³. Lóðin er 399 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði, 26.7. 1973. Árni.

# Brunngata 16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins – Viðhald:** Ástand hússins er gott enda hefur viðhaldið verið jafnt og gott.

**Viðbyggingar:** Lítil viðbygging aftan úr húsinu er stigahús.

**Fagurfræðilegt gildi:** Þótt húsið hafi hlotið gott viðhald, er það að nokkru leyti misheppnað frá fagurfræðilegu sjónarmiði. Múrhúðunin hæfir því illa og ennfremur þær innréttingar, sem gerðar hafa verið á gluggum. Gluggarnir virðast tvílyftum háðir, þ.e.a.s. staðsetning þeirra. Húsið er byggt fast upp að rosalegu húsi, Silfurgötu 6, og virðist klemmt og auðmjúkt við fætur risans. Fagurfræðilegt gildi ekki einstakt.

**Notagildi hússins:** Timburhús. Byggt 1881. Múrhúðað. Ris, hæð og kjallari. 333 m³. 5 herbergi, eldhús og baðherbergi, þvottahús miðstöð og geymsla í kjallara. Rúmgóð og vistleg íbúð, sem vel hefur verið við haldið. Lóðin er 228 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

# Brunngata 20.

Ísafirði,
25. 7. 1973.
Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 12 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 4 |
| | | | 15 – 24 | 3 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 2 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 3 |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar<br>Fagurfræðilegt gildi | Húsið er í fremur lökum ástandi, án þess þó að það sé alvarlegt. Viðhaldið virðist hafa verið tekið rólega – eða kannski bara eftir efnum og ástæðum eins og venjulega. Og fjölskyldan er stór. Meira viðhald er þörf. —— Byggt hefur verið við húsið til suðurs frá suðvesturhorni. Þar er herbergi. Að austan er viðbyggð skúrbygging forstofa. Steinsteyptar tröppur við götu.<br>Húsið er fallegt, -snoturt, einfalt. Afar einkennandi fyrir hús og byggingarlag á Ísafirði um og uppúr aldamótunum. Viðbyggingarnar – burtséð frá tröppunum við götuna – skaða ekki útlit eða fagurfræðilegt gildi hússins, enn það telst hafa í töluvert ríkum mæli. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 468 m³. 9 herbergi, 2 eldhús og baðherbergi. Hér gæti verið ein nokkuð stór og ein lítil íbúð eða ein stór.<br>Notagildi gott.<br>Lóðin er 285 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Önnur | |

# BRUNNGATA 21

Ísafirði,
25.7.1973.
Árni.

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS | 2 | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU | 1 | | |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Hús og lóð í eigu Ísafjarðarkaupstaðar.

**ÁSTAND HÚSSINS**
**VIÐHALD**
**VIÐBYGGINGAR**
**FAGURFRÆÐILEGT GILDI**

Virðist fljótt á litið sæmilegt, en við nánari athugun kemur í ljós, að húsið er hrörnandi og nýtur ekki nauðsynlegs viðhalds. Einangrun er léleg, einfalt gler í gluggum, vatnsstreymi úr krönum fyrir neðan lágmark, niðurföll í kjallara sóta íbúðina. Kaupstaðurinn heldur húsinu illa við, en íbúar reyna að bæta stærstu gallana á eigin kostnað. – Lítil forstofa er viðbyggð á vesturhlið. Fyrir vestan húsið er ennfremur mikið skúrasafn.

Húsið er mjög fallegt og reisulegt. Nokkur íburður er á framhlið hússins, en látleysi tímabilsins kemur í ljós á bakhlið þess. Stærðarhlutföll hússins virkilega fín og eru tákn mikillar smekkvísi. Húsið hefur fagurfræðilegt gildi – og bæði synd og skömm að láta það grotna niður. Hér er ágætur skólastjórabústaður.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

Timburhús. Byggt 1903. Járnvarið.
2 hæðir, risháð og kjallari. 497 m³.
4 herbergi, eldhús og baðherbergi.
Afar gott hús með vistlegri íbúð, en viðhaldið er lífsnauðsyn.
Lóðin er 377 m².

**ÍBÚÐARHÚS**

**IÐNAÐUR**

**GEYMSLA**

**ÓNOTAÐ**

Ísafirði
1.8. 1973.

# Aðalstræti 7

Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er eignarlóð og 7109 m² stór. |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðgerðir<br>Fagurfræðilegt gildi | Á lóðinni standa mörg iðnaðarhús og nokkrir olíugeymar. Geymunum virðist vel viðhaldið, en öðru máli gegnir yfirleitt með þau hús, sem byggð eru á lóðinni. Athuganda fannst það óframkvæmanlegt innan sviðs þessarar athugunar að rannsaka og kanna þá hluti, sem fyrr um ræðir og telur hann þar við sitja – aðeins getur hann þess, að engum af umræddum húsum hafi fagurfræðilegt gildi eða bæjarprýði eða [illegible]. |

**Notagildi hússins**

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 8

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 3 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | \| \| |
| | | | 65 – | \| |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**

Ástand hússins – eða húsanna, því hér er raunverulega um tvö sambyggð hús að ræða – er sæmilegt. Viðhaldið hefur þó verið látið sitja á hakanum um tíma og það má glöggt sjá. Einnig má sjá að hér er um tvenns konar viðhald að fást.
Suðurhluti hússins er byggður síðar en sá nyrðri. Meðfram endilangri austurhlið hússins og norðurgafli er viðbyggð skúrbygging einnar hæðar. Þarna eru miðstöðvarherbergi og þvottaaðstaða.
Hinir tveir hlutar hússins virðast í fljótu bragði aðeins vera eitt hús – séð frá Aðalstrætinu. Þeir mynda heild, sem þó er fremur sundurleit þegar betur er að gáð. Þessi heild hæfir götumyndinni ákaflega vel en hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi. Fremur lítið landrými er umhverfis húsið, sem er aðþrengt af götum. Af Sundstrætinu að austan, þar sem fram fer fiskflutningur og Aðalstrætinu að vestan, þar sem alls kyns umferð heldur sig.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Járnvarið. 2 hæðir og þakhæð. 357 m³.
Skúr, viðbyggður, 82 m³. Lóðin er 87 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | 2 íbúðir. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Tvær íbúðir eru í húsinu. Athuganda tókst aldrei að finna neinn heima í suðurhlutanum, en í norðurhlutanum eru 4 herbergi, eldhús, klósett. Ansi vistleg íbúð en heldur köld á vetrum.

Ísafirði
1.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 9

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |

**Eigendur/leigjendur:** Húsið eign fyrirtækisins, lóðin eign Ísafjarðarkaupst.

**Ástand hússins — Viðhald — Viðbyggingar — Fagurfræðilegt gildi**

Ástand hússins er sæmilega gott. Það hefur hlotið mjög gott viðhald – einkum utan, en sums staðar innan vill við brenna. Húsnæðið er mjög fjölbreytilegt og misjafnt enda a.m.k. þrjár byggingar.
Norðurgafl hússins er brunaveggur og fast við hann er byggður lítill skúr, sem er sjálfstætt hús og sjálfstæð eign. Þennan skúr leigir fyrirtækið fyrir verkstæðisherbergi og er innangengt í hann. – Að vestan eru víðáttumiklar skúrsbyggingar.
Húsið er mjög nýtulegt og allt mjög stórt. Breytingin til verzlunar- og rafmagnsverkstæðis hefur nokkuð skemmt útlit þess, þar sem fagurfræðilegra viðhorfa hefur lítt gætt við þessar breytingar. Húsið hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1919. Járnvarið. 2 hæðir, rishæð og kjallari. 717 m³. Geymslu, skúrsviðbyggingar að vestan, að nokkru leyti á tveim hæðum er 1044 m³. Lóðin er 548 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | | |
| Iðnaður | Raftækjaverzlun- og verkstæði. | Í aðalhúsinu eru 4 verkstæðisherbergi, 2 lagerherbergi, verzlun, skrifstofa og kaffistofa. Rishæðin er ónotuð. Í skúrviðbyggingunum eru 2 lítil og 1 mjög stórt geymsluherbergi, bílskúr, kyndiklefi og klósett og á hæð þar yfir eru 2 lagerherbergi. Húsið er mjög stórt en óhentugt fyrir starfsemina. Húsnæðið nýtist illa sökum óheppilegrar herbergjaskipunar. Með nokkrum breytingum og tilkostnaði gæti húsnæðið orðið stórgott og hentugt. |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði,
1. 8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 10

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð er eign fyrirtækis, sem eftirlætur þetta starfsmanni.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í mjög góðu ástandi og hefur alltaf sætt góðu viðhaldi. Þó hefur nokkuð á það skort, þar sem enn er einfalt gler í gluggunum.

**Viðbyggingar**

Út frá báðum húshliðum eru litlar forstofuviðbyggingar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er byggt með hinum hóflegu stærðum og fallegu samspili þeirra, sem einkenna hús frá þessum tíma. E.t.v. má þó lesa út úr húsinu betri efni en almennt hefur gerst, en húsið hæfir mjög vel umhverfinu. Það sem helst rýrir fagurfræðilegt gildi þess, er anddyrisviðbygging við Aðalstrætið, sem hlotið hefur íburð, útskurð og flottheit sem annars vottar ekki fyrir í húsinu.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1874 (?). Járnvarið. Rishæð, hæð og kjallari. 475 m³. Lóðin er 287 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Stór og góð íbúð. | 7 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara miðstöð og geymsla. Húsið er mjög þokkalegt og vistlegt innan og íbúðin rúmgóð ágætlega hentug. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði,
2.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 11

| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | | | |

**Eigendur/leigjendur**
Lóðin eign kaupstaðarins, en skúrinn í einkaeign, en leigður út til rafvirkjaverkstæðis í nr. 9.

**Ástand hússins**
Gott.

**Viðhald**
Gott.

**Viðbyggingar**

**Fagurfræðilegt gildi**
Fellur sæmilega vel að götumyndinni, en erfitt getur verið frá götunni að gera sér grein fyrir hvoru húsinu – nr. 11 eða 9 hann tilheyri þessi skúr. Brunaveggur á milli hans og nr. 9 gerir ósennilegt að hann sé þar áhangandi – en er aftur málaður sömu litum og húsið það. Án sérstaks fagurfræðilegs gildis.

**Notagildi hússins**
Timburskúr. Járnvarinn. 132 $m^3$. Lóðin er 99 $m^2$.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | Skúrinn notaður nú sem verkstæðisherbergi hjá rafvirkjaverkstæði, sem starfrækt er í sambyggðu húsi. |
| Geymsla | 131 $m^3$ bílskúr er einnig á lóðinni. |
| Ónotað | |

'Ísafirði,
2.8. 1973,
Árni.

# Aðalstræti 11,

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 5 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | 2 |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 2 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin er í eigu Ísafjarðarkaupstaðar, en eigendur alls hússins búa í einni hinna þriggja íbúða og leigja hinar tvær út.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið hefur sætt fremur lélegu viðhaldi og er því í allslöku ástandi, þó vel sé það íbúðarhæft. Í sumar var dyttað að þaki hússins – og þess ekki vanþörf. Einfalt gler er í gluggum. Kyndingarkostnaður er mikill, o.s.frv. Sem sagt viðhaldið er á eftir og ástandið ekki gott.

**Viðbyggingar**

Skúrbygging er viðbyggð við húsið vestanvert og inniheldur herbergi og bakinngang.

**Fagurfræðilegt gildi**

Ríkjandi og einkennandi fyrir húsið er kvistur, sem rís upp úr miðri götuhlið hússins. Hann hefur fengið dálítið annað byggingarlag, þakhalla og stærð, en kvistir yfirleitt, og er því sérstæður – og fallegur. Það er rammar húsið allt. Bakhliðin með skúrbyggingunni er skemmtileg, þrátt fyrir slæmt viðhald. Húsið telst hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1904. Járnklætt. Rishæð, hæð og kjallari. 611 m³. Lóðin 130 m².

**Íbúðarhús**

| | |
|---|---|
| 3 samliggjandi 2 herbergja íbúðir. | Hinar þrjár íbúðir hússins hafa sameiginlegan inngang og eru allar 2 herbergi, eldhús og klósett. Íbúð eigenda hússins hefur auk þess 2 geymslur. Í kjallara eru geymslur auk miðstöðvar fyrir allt húsið. |

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði,
10.8.1973.

# Aðalstræti 12

Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2+ | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | 1 |
| | | | 65 – | 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Suðurhluti í eigu íbúanna ásamt lóð, en norðurhluti og lóð í eigu Kaupfélags Ísfirðinga, sem leigir hana út.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Ástand hússins er býsna gott og viðhald ágætt utan. Húsið hefur alltaf haft gott og jafnt viðhald utan og innan og kemur vel til móts við kröfur nútímans, sem íbúðarhúsnæði.

**Viðbyggingar**

Að austan er tveggja hæða skúrviðbygging, þar sem er eldhús, inngangur fyrir báðar íbúðir og þvottahús, ásamt stærri herbergisplássi uppi. Norðurhluti hússins er að nokkru leyti skúrbygging.

**Fagurfræðilegt gildi**

Vegghæð við götuna er afar lág en risið mjög hátt - eða u.þ.b. helmingi hærri en vegghæðin. Efri brún glugga og dyra nemur við þakskeggið. Húsið hefur að þessu leyti nokkuð sérkennilegt byggingarlag og fallegt. Gluggar eru nýir og öðru vísi en áður en falla mjög vel að húsinu. Húsið er afar fallegt að byggingarlagi og stærðarhlutföllum. Það telst hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1850. Járnvarið. Hæð, rishæð og kjallari. 682 m³. Lóðin er 427 m².

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Tvær íbúðir eru í húsinu. Athuganda tókst aldrei að ná íbúum leiguíbúðarinnar í norðurhlutanum heima.
Í suðurhlutanum eru 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara miðstöð og geymsla. Vistleg og góð íbúð.

Ísafirði
1.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 13

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 9 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 |
| | | | 15 – 24 | 1 |
| | | | 25 – 34 | 1   1 |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 2 |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið, sem nú er 2 hæða hús með hallandi skúrþaki, var upprunalega með risi, en því lyft 1966 og þar með fengið pláss fyrir heila íbúð á efri hæð. Það er því að nokkru leyti ný-endurbyggt og í góðu ástandi.

**Viðbyggingar**

– Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Við endurbygginguna hefur húsið gjörsamlega tapað upprunalegu útliti og byggingarlagi – og sömuleiðis um leið fagurfræðilegu gildi. Alla vega hefur það ekki vott af slíku gildi nú. Lítur út eins og hús, sem byggð voru 1960-1970 – og byggð eru enn þá. Byggingarlag og -efni og staða hússins hæfir götumyndinni með eindæmum illa.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1885, – og að nokkru leyti 1966. 2 hæðir og kjallari. Múrhúðað. 973 m³. Lóðin er 393 m².

Í húsinu eru 2 íbúðir. Á neðri hæð eru 5 herbergi, eldhús og baðherbergi. Kjallarinn fylgir þessari íbúð og þar eru miðstöð og geymslur.

Á efri hæð eru 4 herbergi, eldhús og baðherbergi.

**Íbúðarhús**

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
2.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 15

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 12 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 | | 2 |
| | | | 15 – 24 | | 1 | 1 |
| | | | 25 – 34 | 2 | | |
| | | | 35 – 44 | | | 2 |
| | | | 45 – 54 | | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | 55 – 64 | | 2 | |
| | | | 65 – | | | |

**Eigendur/leigjendur:** Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**
**Viðhald**
**Viðbyggingar**
**Fagurfræðilegt gildi**

Fyrir u.þ.b. 2 árum kom upp eldur í húsinu og brann nokkuð innan í 2 íbúðum. Þær eru nú báðar klæddar innan að nýju og líta vel út. Berandi hlutir hússins skemmdust ekki — og því má segja að húsið sé nú í ágætu ástandi og hafi nýlega verið tekið í gegn innan.
- Meðfram endilangri vesturhlið hússins er viðbyggð einnar hæðar skúrbygging, sem er múrhúðuð og vel útlítandi eins og húsið í heild. Þessi skúrviðbygging er hluti íbúðar, og í henni ~~[illegible]~~ eldhús og tvö herbergi.

Húsið er sambyggt húsinu Aðalstræti 15A og gildir umsögnin um það hús að nokkru leyti einnig fyrir þetta. Þessi tvö hús mynda eina heilsteypta heild, sem setur mjög svip sinn á umhverfið. Þetta er ekki beint falleg heild, en létt er yfir henni af mörgum ástæðum. Hún hefur götumyndinni vel þó hún sé án sérstaks fagurfræðilegs gildis.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1870. Múrhúðað. 2 hæðir og rishæð. 896 m³. Lóðin er 613 m². - Í húsinu eru þrjár íbúðir. Gengið er í tvær frá Aðalstræti en þá þriðju frá suðurgafli húss. Íbúðirnar hafa allar 3 herbergi, eldhús og baðherbergi og þær eru miðstöðvarkyntar. Íbúðirnar eru allar góðar og vistlegar.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | 3 góðar 3 herbergja íbúðir. |
| Iðnaður | |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
1.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 15A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss og lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið hefur hlotið jafnt og gott viðhald og er í góðu ástandi. Árið 1942 var byggð hæð ofan á jarðhæð þá, sem fyrir var, og húsinu þá breytt nokkuð.

**Viðbyggingar**

Byggt er við að vestan, skúrbygging, einnig á tveimur hæðum nú.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið stendur óvenjulega við götuna. Þ.e.a.s. fyrir framan húsið meðfram götunni er gangstétt, sem er u.þ.b. 1 meter lægri en gatan og steyptur veggur, svo hún ekki hrynji niður. Gólf neðri hæðar hússins er nokkru hærra en gangstéttarinnar. Á vissan hátt slítur þetta gangstéttina meðfram Aðalstrætinu vestanverðu í sundur enda er það mjög einkennandi að öll gangandi umferð fer fram hins vegar. Húsið heldur furðuvel útliti timburhússins þrátt fyrir múrhúðun, en telst ekki hafa fagurfræðilegt gildi, sérstakt.

**Notagildi hússins**

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Góð 5 herb. íbúð. | Timburhús. Byggt 1870. Efri hæð 1942. Múrhúðað. 2 hæðir. 318 m³. 5 herbergi eldhús og baðherbergi. Góð og vistleg íbúð. |
| Iðnaður | Ljósmyndastofa. | Í einu herbergi á neðri hæðinni er af húsmóðurinni starfrækt ljósmyndastofa. Gengið er inn í hana úr anddyri hússins. |
| Geymsla | | Lóð hússins er 200 m². |
| Ónotað | | |

Ísafirði,
2.8. 1973.

# Aðalstræti 16

Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 1 | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | <br><br><br><br><br><br>1 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúi eigandi húss og lóðar. Verzlun í norðurenda hússins er leigjandi þessa eiganda.

**Ástand hússins**

Húsinu er vel við haldið og það er í góðu ástandi.

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Feykilega stór skúr er byggður við austurhlið hússins að norðan og liggur meðfram lóðamörkum að austan til lóðamarka að sunnan. Er þetta geymsluhúsnæði verzlunarinnar. Að sunnan er við byggður bílskúr.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið – suðurhluti þess, hefur mjög óvenjulegar og stórar stærðir og hlutföll innbyrðis, en norðurhlutinn er mun venjulegri. Norðurhlutinn er tvær hæðir og inniheldur verzlun. Hann er mjög einkennandi fyrir verzlanir í húsum þessa tímabils. Hann hefur yfirlætislausari stærðarhlutföll og byggingarlag en suðurhlutinn. Saman mynda þessir tveir hlutar eina heild, – sem þó er í sundrung að vissu leyti. Húsið telst hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1880. Járnvarið. Rishæð, hæð og kjallari. 1018 m³. Geymsluskúrar eru 767 m³, og lóðin 591 m².

**Íbúðarhús** — Góð 6 herb. íbúð.

6 herbergi, eldhús og baðherbergi og þvottahús. Kjallari ónotaður.

**Iðnaður** — Verzlun.

3 herbergi og eins konar klósett. Rúmt lagerhúsnæði – og húsnæðið er hentugt fyrir verzlun.

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði,
14.8. 1973.
Árni.

# AÐALSTRÆTI 18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS | 6 | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 - 14 | 4 |
| | | | 15 - 24 | |
| | | | 25 - 34 | |
| | | | 35 - 44 | |
| | | | 45 - 54 | 2 |
| FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU. | 1 | | 55 - 64 | |
| | | | 65 - | |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Hús og lóð í eigu Landssíma Íslands, sem notar íbúðina fyrir símstjórann, en húsið annars fyrir starfsemi sína.

**ÁSTAND HÚSSINS**
**VIÐHALD**
**VIÐBYGGINGAR**

Húsið er í mjög góðu ástandi og hefur hlotið ágætt viðhald. Upphaflega var húsið byggt sem verzlun fyrir Hinar sameinuðu íslenzku verzlanir og þá álitin glæsilegasta verzlun á öllu landinu og kölluð Glerhöllin, enda voru stórir gluggar eftir endilangri götuhlið. Húsinu var breytt nokkuð er pósthús var sett þar 1926.

**FAGURFRÆÐILEGT GILDI**

Húsið hefur mjög sérstætt byggingarlag. Risið er mjög hátt og þakið bratt, og form þess er einnig sérkennilegt. En húsið hefur nokkuð fallegar [illegible] og þakið hafir mjög vel. Byggingarefnið er óvenjulegt á þessum stað og húsið sker sig úr götumyndinni bæði hvað snertir byggingarlag og -efni. Það telst hafa fagurfræðilegt gildi, sérstakt, en falla illa að götumyndinni. Tækjahúsið á baklóðinni lifir [illegible] lítt áberandi lífi.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

Steinsteypt. Timburgólf. Byggt 1920. 2 hæðir og rishæð. 1806 m³. Tækjahús á baklóð. Steinsteypt. Byggt 1968. Ein hæð. 931 m³. Lóðin er 757 m². Á jarðhæð hússins er sameiginlegur afgreiðslusalur fyrir póst og síma. Síminn er í suðurhlutanum og eru þar 2 herbergi. Pósturinn í norðurhlutanum hefur 3 herbergi og afgreiðsluherbergi. Eitt klósett er á jarðhæð, sameiginlegt. Efri hæðin greinist í tvennt eftir endilöngu. Á framhluta hennar eru 4 herbergi (skrifstofur) og klósett. Á bakhluta hennar er hluti af íbúð símstjóra, 3 herbergi og eldhús. Á rishæðinni, sem einnig greinist í tvennt eftir endilöngu og er geymsla meðfram endilangri framhlið. Bakhlutinn er íbúð símstjórans 3 herbergi, baðherbergi og þvottahús. Prýðis íbúð. Húsið er sæmilega hentugt fyrir starfsemina, en þó lítið og þröngt fyrir pósthúsið og fremur óhentugt. Síminn hefur það betra. Í húsinu vinna u.þ.b. 20 manns.

| | |
|---|---|
| ÍBÚÐARHÚS | |
| IÐNAÐUR | |
| GEYMSLA | |
| ÓNOTAÐ | |

Ísafirði,
2.8. 1973,
Árni.

# Aðalstræti 17-19

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
| Fjöldi fjölskylna í húsinu | 6 | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er í eigu Hafnarsjóðs Ísafjarðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er nýlegt og almenningur leit svo á að það félli utan ramma þessarar athugunar að því leyti er snerti íbúafjölda og aldur. |
| Viðbyggingar | Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið gnæfir yfir eyrina eins og ásælni valdsins sjálfs. Fagurfræðilegt gildi þess er ekkert. |
| Notagildi hússins | Húsið er steinsteypt. Byggt 1956. 3 hæðir og kjallari. 3060 m³. Lóðin er 393 m². |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | 6 nýlegar íbúðir. | 6 íbúðir eru í húsinu. |
| Iðnaður | málningarverzlun. | Á neðstu hæðinni er verzlun, í fremur þröngu og óhentugu húsnæði. |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði,
2.8. 1973,
Árni.

# Aðalstræti 20.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 8 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 5 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 45 – 54 | |
| | | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 1 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin og norðurhluti hússins er í eigu Ísafjarðarkaupstaðar, en suðurhluti hússins í eigu íbúans.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðgerðir**

**Fagurfræðilegt gildi**

Íbúðin í suðurhluta hússins er í alla staði góð og húsið lítur allt vel út utan. En íbúðin í norðurhluta hússins er raunverulega hörmulega léleg og best flokkuð sem heilsuspillandi húsnæði. Á meðan íbúi og eigandi suðurhlutans hefur haldið sínum hluta vel við, hefur ekkert verið gert fyrir norðurhlutann. Ástand og viðhald hússins er tvenns konar. Hvort tveggja er gott í suðurhluta hússins, en hvort tveggja er afleitt í norðurhluta þess – og hörmulegt þar sem þar búa bæði mörg börn og heilsutæp eldri kona.
Norðurhluti hússins var byggður við hinn 1874 (ca) og þá þegar tvær hæðir. Suðurhlutinn varð tvær hæðir 1935. Norðurhlutinn var byggður fyrir vefnaðarvörudeild Ásgeirsverzlunar og lengi notaður sem slíkur. Að utan er húsið nokkuð heillegt í útliti. Skeljasandur yzt hæfir umhverfinu ekki vel. Húsið sjálft er heldur ekki fallegt eða hefur nokkurt fagurfræðilegt gildi. Ennfremur stendur það alllangt frá götunni og brýtur annars mjög ákveðið götumynd. Svæðið milli götu og húss notað fyrir bílastæði, sem íbúar og almenningur voru sammála um að væri óhafandi fyrir framan aðaldyr íbúðanna.

**Notagildi hússins**

| | |
|---|---|
| **Íbúðarhús** | 6 herbergja góð íbúð. 3 herbergja heilsuspill. íbúð. |
| **Iðnaður** | |
| **Geymsla** | |
| **Ónotað** | |

Timburhús. Byggt 1850. Múrhúðað. Hlaðið og rishæð. 217 m³. Lóðin er 63 m². Íbúðin í suðurhluta hefur 6 herbergi, eldhús, baðherbergi og er miðstöðvarkynt. Góð og rúmgóð íbúð. — Í norðurhlutanum eru 3 herbergi, eldhús, baðherbergi og búr, þar sem allt myglar, sem geymt er. Íbúðin er svo rök, að þar eyðileggjast hlutir og hún er heilsuspillandi. Hún er kynt með kolaeldavél, sem stendur í eldhúsinu. Þegar kynt hefur verið í fimm mínútur er vélin glóandi heit og heitt er í eldhúsinu, þannig að í vélinni verður að slökkva. Þá eru önnur herbergi ennþá köld. Íbúarnir hafa stundum flúið út er vélin var orðin ofheit af ótta við íkveikju. Rottugangur er voðalegur – sérstaklega á nóttunni, svo íbúunum verður ekki svefnsamt. Oft verður þeim heldur ekki svefnsamt – og haldast jafnvel ekki við í íbúðinni sökum megns óþefs, sem gýs upp í íbúðinni af ókunnum orsökum (liðnandi rottuhræ – tilgáta almennings). Íbúðin er afleit og heilsuspillandi og bæjaryfirvöld hafa neitað minnstu endurbótum..

Ísafirði,
2.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 20 A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin eign Ísafjarðarkaupstaðar. | | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | | | | |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er einkar skemmtilegt utan, lítið og fallegt byggingarlag. Sennilega hefur húsið verið lengt og þar með tapað nokkru af sínum fallegu stærðarhlutföllum. Vesturgafl hússins snýr út að Aðalstrætinu og eru í honum dyr og fjórir mjög stórir gluggar, sem allt fer stórkostlega vel í húsgaflinum. Húsið telst hafa fagurfræðilegt gildi, en standa illa, bæði að Skipagötu og Aðalstræti. | | | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1850. Að mestu leyti járnvarið. Hæð og rishæð. 217 m³. Lóð 63 m². | | | |
| Íbúðarhús | | | | |
| Iðnaður | | | | |
| Geymsla | | | | |
| Ónotað | | | | |

Ísafirði, 2.8.1973, Árni.

# Aðalstræti 21

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 2 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | 2 |
| | | | 65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Íbúar eigendur húss, en Hafnarsjóður Ísafjarðar er eigandi lóðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er upphaflega sölubúð, en var breytt innan og gert íbúðarhæft fyrir mörgum árum. Viðhaldið hefur verið sæmilegt. Húsið er allt klætt sléttu járni, einnig þak og hefur reynst vel.

**Viðbyggingar**

Þurrkhjallur er viðbyggður við bakhlið hússins – að vestan.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið nefnist „Turninn" í daglegu tali og gefur það svolitla hugmynd um byggingarlagið, – en þó líklega meir um upphaflegt hlutverk. Öll horn eru tekin af – eða tvöföld. Þá hefur húsið sem sagt átta horn. Það er ekki hátt miðað við ~~[illegible]~~ breidd, en byggingarlagið er að nokkru eftirlíking turns. Gluggar eru litlir og sitja á fremur ófallegum stöðum á húsveggjunum. Húsið er sérstakt – og e.t.v. hefur það nokkurt sögulegt gildi en ekki sérlega fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1925. 2 hæðir og kjallari. 168 m³. Lóðin er 70 m².

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | lítil 3 herb. íbúð. | 3 herbergi, eldhús og klósett. Mjög lítil og þröng íbúð. Fremur óhentug. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
9.8. 1973.
Árni.

# AÐALSTRÆTI 22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBÚAFJÖLDI HÚSSINS<br><br>FJÖLDI FJÖLSKYLDNA Í HÚSINU | | ALDUR HEIMAFÓLKS | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |

**EIGENDUR/LEIGJENDUR**

Lóðin er í eigu Brunabótafélags Íslands og Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið í eigu Brunabótafélagsins eins.

**ÁSTAND HÚSSINS**

**VIÐHALD**

Ástand og viðhald hússins er mjög gott og athugandi fann enga ástæðu til að þrífa upp og athuga það innan.

**VIÐBYGGINGAR**

**FAGURFRÆÐILEGT GILDI**

Húsið er afar hátt og klunnalegt - steinkassi. - Það hefur hið ómyrðis stærðarhlutföll og er lítt aðlaðandi í heildinni, sem það myndar ásamt húsinu Aðalstræti 22 B. Húsið stendur hátt við götuna - og viðskiptavinir þurfa að koma upp - og horfa upp í gluggana. Einkennandi. Húsið telst ekki hafa fagurfræðilegt gildi.

**NOTAGILDI HÚSSINS**

Steinsteypt. Byggt 1933. 3 hæðir og kjallari. 1308 m³. Lóðin er 161 m².

| | | |
|---|---|---|
| ÍBÚÐARHÚS | Íbúð. | Íbúðir á efri hæðum. |
| IÐNAÐUR | Verzlun og skrifstofur | Skrifstofur Brunabótafélags Íslands og Loftleiða ásamt Áfengisútsölunni. |
| GEYMSLA | | |
| ÓNOTAÐ | | |

Ísafirði
9.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 22 A

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 4 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 2 |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | 2 |
| | | | 35 – 44 | |
| | | | 45 – 54 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 1 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/Leigjendur | Íbúar eigendur húss og lóðar. |
| Ástand hússins<br>Viðhald | Húsið er í mjög góðu ástandi og viðhaldið hefur verið afar gott. Þótt húsið sé gamalt er ómögulegt að sjá það vegna viðhaldsins, sem hefur verið jafnt og gott. |
| Viðbyggingar | Byggt er út úr húsinu að austan. Baðherbergi og anddyri. Skúrbygging. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er lítið og laglegt. Við viðhald hefur upphaflegu útliti verið lítill gaumur gefinn, en viðhald allt er þó gert með slíkri smekkvísi, að sama getur verið hvernig það leit út í upphafi. Athugandi vill leyfa sér að vekja athygli á skreytingu hins gluggalausa norðurgafls, og skilur eftir þá ósk að fleiri hugðu að útliti húsa sinna og hvernig best væri að búa upp á það. Húsið telst þó ekki hafa sérstakt fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1862. Múrhúðað utan. Rishæð, hæð og kjallari. 156 m³. Lóðin er 94 m². |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | Góð lítil íbúð. | 3 herbergi, eldhús og baðherbergi. Miðstöð í kjallara. Afar vistleg en lítil íbúð. |
| Iðnaður | | |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði
9.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 22 B.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð í einkaeign.

**Ástand hússins**

Ástand og viðhald hússins er gott.

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Hæð hefur verið byggð ofan á þær tvær, sem fyrir voru. Þar við hefur húsið orðið jafnhátt húsinu Aðalstræti 22.

**Fagurfræðilegt gildi**

Ofanálagið hefur eyðilagt öll innbyrðis stærðar hlutföll og húsið stendur eins og svipljaus trékassi við hlið jafnoka síns úr steini nr. 22. Timbrið stendur yzt og fellur illa að steinhúsinu. Heildin, sem þessi tvö hús mynda og ægir yfir Aðalstrætið er því annzi sundurleit og algjörlega án fagurfræðilegs gildis.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1907. Lóðin er 322 m².
Húsið er 1213 m³.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Íbúð |
| Iðnaður | verzlun. |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
9.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin er í eigu eigenda Gamlabakarísins og Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið í eigu hinna fyrrnefndu.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Ástand hússins er gott þótt viðhaldið virðist ekki vera fullnægjandi.

**Viðbyggingar**

Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er lágt og langt og vel við hæfi gangandi fólks að líta inn um glugga. Innbyrðis stærðir eru mjög skemmtilegar og húsið fremur óvenjulegt að byggingarlagi. Hugmyndin á bak við húsið er snjöll og vel farið í form. Byggingarefni skortir hlýju, en hæfir annars að nokkru leyti aðliggjandi húsum, en byggingarlag gerir það ekki og mun hafa verið meiningin að byggja ofan á. Spurningin er, hvort nokkuð gerist við það.

**Notagildi hússins**

Steinsteypt. Byggt 1935. Ein hæð og kjallari.
1737 m³. Lóðin er 334 m².

| | |
|---|---|
| **Íbúðarhús** | |
| **Iðnaður** | Bakarí. Húsgagnaverzlun og umboðsskrifstofur. |
| **Geymsla** | |
| **Ónotað** | |

Til húsa hér er Gamlabakaríið, húsgagnaverzlun, Skrifstofa Eimskipafélags Íslands og Flugfélag Íslands.

Ísafirði,
9.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 24 A

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Eignarlóð. Eigendur húss og lóðar hinir sömu og Gamlabakaríinu. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Húsið virðist í fremur hrörnandi ástandi og hefur staðið ónotað og án viðhalds um tíma. Athugandi aflaði sér ekki nánari upplýsinga. | | |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið hefir lítið áberandi tilveru við Brunngötu. Timburhús og stendur timbrið yzt. Húsið hefur laglegar stærðir en ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi. | | |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1923. 2 hæðir og kjallari. 780 m³<br>Lóðin er 443 m². | | |
| Íbúðarhús | | | |
| Iðnaður | | | |
| Geymsla | | | |
| Ónotað | | Húsið virðist standa ónotað. | |

Ísafirði
3.8.1973.

# Aðalstræti 25

Árni.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 6 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | |
| | | | 15 – 24 | |
| | | | 25 – 34 | |
| | | | 35 – 44 | 1 |
| | | | 45 – 54 | 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 55 – 64 | |
| | | | 65 – | 2 1 |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar og Hafnarsjóðs Ísafjarðar, en húsið eign íbúanna.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Húsið var til skamms tíma í afleitu ástandi, þar sem þak míglak og eyðilagði loft og innanstokksmuni bæði á efri og neðri hæð. Nú hefur þakinu verið lyft og endurbætt. Við þetta skapast aukið rúm á efri hæðinni, en byggingarástand er ríkjandi enn þá. Viðhaldið hefur að mörgu leyti verið lélegt, sérstaklega þar sem hér er um steinhús að ræða. Íbúðir hússins ætti að gera mun meira fyrir, þar sem þær nú eru fremur óvistlegar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur engan veginn fagurfræðilegt gildi. Það er fremur klaufalega lagað að nærliggjandi húsum, enda þótt sjálfsagt sé erfitt að laga hús að Turninum.

**Notagildi hússins**

Húsið er steinsteypt. Byggt 1927. Efri hæð hlaðin í ár. 2 hæðir. (Áður en risinu var lyft var húsið 352 m³.) Lóðin er 120 m².

**Íbúðarhús** — 2 hálf lakar 3 herb. íbúðir

2 íbúðir eru í húsinu. Á neðri hæð 3 herb., eldhús, geymsla og klósett, sem íbúar á efri hæð hafa aðgang að. Kyndiklefi er inn af klósettinu og þarf að ganga gegnum það til að komast að kyndingu – og að bakdyrunum, sem eru á kyndiklefanum.
Á efri hæð eru 3 herbergi, eldhús og 2 agnarlítil búr. Við breytinguna eiga að koma baðherbergi, lítið þvottahús og stækkun eins herbergis og búranna. Inngangur er sameiginlegur. Íbúðirnar eru fremur óhentugar og ekki nógu vistlegar miðað við það sem þær gætu orðið með tiltölulega litlum tilkostnaði.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
9.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er í eigu Útvegsbanka Íslands og Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið í eigu bankans. | | |
| Ástand hússins<br>Viðhald<br>Viðbyggingar | Ástand og viðhald hússins er mjög gott. | | |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið hefur ekkert fagurfræðilegt gildi. | | |
| Notagildi hússins | Steinsteypt. Byggt 1933. 3 hæðir og kjallari. 1485 m³. Lóðin er 240 m². | | |

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | Íbúð. |
| Iðnaður | Banka-starfsemi. |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
10.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 26 A.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 16 | Aldur heimafólks | 0 - 14 | 1 | 5 | 1 |
| | | | 15 - 24 | 2 | | 1 |
| | | | 25 - 34 | | | 2 |
| | | | 35 - 44 | 1 | 2 | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 3 | | 45 - 54 | 1 | | |
| | | | 55 - 64 | | | |
| | | | 65 - | | | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð eigu íbúanna í tveim tilfellanna, í þriðja tilfellinu eigu dánarbús, þar sem dóttir og fjölsk. fyrrv. eiganda býr, en býr sig undir að flytja í nýkeypt hús.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í góðu ástandi og nýtur þokkalegs viðhalds og mun svo hafa verið um árabil. Húsið hefur verið rammi verslunar og pósthúss o.fl.

**Viðgerðir**

Engar

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið stendur við lítið sund, sem liggur út frá Silfurgötu samsíða Aðalstræti. Gengið er inn í tvær íbúðir frá þessu sundi og eina frá Brunngötu. Sundið er nú fremur sóðalegt og lítt aðlaðandi, en gæti orðið sérstaklega skemmtilegt með góðum vilja.
Við byggingu hússins hefur ríkt svipaður agi-smekkur og Silfurgötu 6. Húsið er klossað og þunglamalegt útlits og fellur almúganda ekki í geð. Á hinn bóginn vill hann ekki útiloka að húsið hafi fagurfræðilegt gildi að annarra mati.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1884. Járnvarið. 2 hæðir, rishæð og kjallari. 1033 m³. Lóðin er 284 m².

**Íbúðarhús**: 3 stórar og góðar íbúðir.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Í húsinu eru þrjár íbúðir. Tvær á efri hæð og er aðkoma frá fyrrgreindu sund og inngangur sameiginlegur. Í suðurhlutanum uppi eru 4 herbergi, eldhús og klósett með sturtu, sem notast einnig af íbúðinni í norðurhlutanum, þar sem eru 5 herbergi og eldhús. Báðar þessar íbúðir taka yfir tvær hæðir - nefnilega líka rishæðina. - Á neðri hæðinni er ein íbúð, sem gengið er í frá Brunngötu. Að auki eru tvennar dyr við sundið, sem liggur samsíða Aðalstræti. Í þessari íbúð eru 5 herbergi, eldhús og baðherbergi.
Í kjallaranum eru geymslur og miðstöð.
Íbúðirnar eru vistlegar og rúmgóðar og að öðru leyti mjög sæmilegar íbúðir.

Ísafirði
7.8.1973.
Árni.

# Aðalstræti 27

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar og Hafnarsjóðs Ísafjarðar, en húsið í einkaeign |
| Ástand hússins | Húsið er í góðu ástandi |
| Viðhald | og viðhaldið virðist gott. |
| Viðbyggingar | Engar. |
| Fagurfræðilegt gildi | Húsið er fremur lítið aðlaðandi timburkassi. Allar stærðir og innbyrðis hlutföll eru blessunarlega lausar við alla smekkvísi. Húsið telst ekki hafa fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Timburhús. Byggt 1916. 2 hæðir og kjallari. 343 m³ (áður en risinu var lyft). Lóðin er 169 m². |

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðarhús | | |
| Iðnaður | Verzlun. | Verzlunin er á neðri hæðinni og lager á efri hæð. Húsnæðið er sæmilega hentugt. |
| Geymsla | | |
| Ónotað | | |

Ísafirði,
8.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 32

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 9 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 1 | 1 |
| | | | 15 – 24 | | 2 |
| | | | 25 – 34 | 2 | |
| | | | 35 – 44 | | |
| | | | 45 – 54 | | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 4 | | 55 – 64 | 2 | 1 |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin og húsið – þrjár íbúðanna – eru í eigu íbúanna. Í einni íbúð búa leigjendur.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Eins og oft þegar fjórir – eða jafnvel fleiri – eigendur eru húss þurfa að sameinast um viðhald þess, hefur þetta hús munað fífil sinn fegurri. Það er nú tekið að láta á sjá – eins og hús, sem byggt er hálfri öld fyrr. Að innan er húsið þó sæmilegt og íbúðirnar

**Viðbyggingar**

Að sunnan er tveggja hæða viðbygging, stigahús. Norðan á húsinu er viðbyggð einnar hæðar skúrbygging, sem aðeins rúmar mjög lítið anddyri.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur nokkuð sérkennilegt byggingarlag. Horn hússins eru helmingi fleiri en venjulegt er, þar sem eins og stokkur er byggður utan á þau. Þetta á þó aðeins við um þau horn hússins, sem snúa að Aðalstræti. Sums staðar er mikið lagt í smáatriði og verður það tilkomulegt. Húsið hefur ekki sérstakt fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1932. Járnvarið. 2 hæðir og kjallari. 1133 m³. Lóðin er 401 m².

**Íbúðarhús**

4 sæmilegar íbúðir.

Ein hinna fjögurra íbúða er 3 herbergi, eldhús og klósett. Hinar þrjár eru 4 herbergi, eldhús og klósett. Þar af er stúka í einni íbúð og í annarri er klósettið á ganginum, sem liggur mitt í gegnum íbúðina. Í kjallara er kynding og þvottahús, sameiginlegt fyrir hverjar tvær íbúðir. Þrír inngangar eru í húsið.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði
8.8. 1973.
Árni.

# Aðalstræti 33

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | 10 | Aldur heimafólks | 0 – 14 | 3 | 3 |
| | | | 15 – 24 | | |
| | | | 25 – 34 | | |
| | | | 35 – 44 | 2 | 2 |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | 2 | | 45 – 54 | | |
| | | | 55 – 64 | | |
| | | | 65 – | | |

**Eigendur/leigjendur**

Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en húsið eign íbúanna.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

Húsið er í góðu ástandi og hefur hlotið gott viðhald – einkum síðustu árin. Viðhaldið er tiltölulega lítið þar sem húsið er steinsteypt. Hinir tveir eigendur virðast vinna vel saman að ytra viðhaldi.

**Viðbyggingar**

Engar.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið hefur fallegt byggingarlag og innbyrðis stærðir. Gluggar og dyr eru staðsettar í röðum sem liggja í veggnum frá gólfi og upp undir þak, þar sem þær enda ýmist í gotneskum eða rómönskum boga. Húsið er nýmálað og eru litir látnir undirstrika þessar raðir og einkenna þær nú húsið. – Hálf hjákátlegt. Húsið telst ekki hafa fagurfræðilegt gildi.

**Notagildi hússins**

Steinsteypt. Byggt 1928. 2 hæðir og kjallari. 986 m³. Lóðin er 271 m².

**Íbúðarhús**

Tvær ágætar, rúmgóðar íbúðir.

Tvær ágætar íbúðir eru í húsinu. Í norðurhlutanum eru 5 herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er miðstöð, þvottahús og geymslur. Í suðurhlutanum eru 6 herbergi, eldhús, búr og baðherbergi – auk þriggja tómstundaherbergja í kjallara. Geymsluloft.

**Iðnaður**

**Geymsla**

**Ónotað**

Ísafirði,
8.8.1973,
Árni.

# Aðalstræti 35

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |
| Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | | | |

| | |
|---|---|
| Eigendur/leigjendur | Lóðin er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en prentsmiðja, sem starfrækt er í húsinu og Oddfellow-regla sem þar á sitt athvarf eru eigendur hússins. |
| Ástand hússins | Húsið er nýlegt steinhús í góðu ástandi. |
| Viðhald | |
| Viðgerðir | -Engar |
| Fagurfræðilegt gildi | -Húsið er steinhús með hallandi skúrþaki og fellur alveg sérstaklega illa að nærliggjandi húsum. Allar stærðir eru meðvirkandi. Húsið hefur alls ekkert fagurfræðilegt gildi. |
| Notagildi hússins | Steinsteypt. Byggt 1958. 2 hæðir. 1430 m³. Lóðin er 413 m². |
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | prentsmiðja í nýlegu húsnæði. Oddfellowstúka. |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
8.8. 1973
Árni.

# Aðalstræti

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi hússins<br><br>Fjöldi fjölskyldna í húsinu | | Aldur heimafólks | 0 – 14<br>15 – 24<br>25 – 34<br>35 – 44<br>45 – 54<br>55 – 64<br>65 – | |

**Eigendur/leigjendur**

Hús og lóð eign Ísafjarðarkaupstaðar.

**Ástand hússins**

**Viðhald**

**Viðbyggingar**

Húsið virðist í nokkurn veginn sæmilegu ástandi – en jafnframt þörf viðhalds vera brýn. Húsið, sem er gamalt barnaskólahús, er nú notað fyrir menntaskóla.

**Fagurfræðilegt gildi**

Húsið er fallegt og hlýlegt skólahús – mjög einkennandi. Lélegt viðhald rýrir þó fagurfræðilegt gildi, sem fyrir var ekki stórt.

**Notagildi hússins**

Timburhús. Byggt 1901. 2 hæðir og kjallari. 2366 m³. Húsið er allt járnvarið. Lóðin er 553 m².

Athugandi hafði ekki tök á því að skoða húsið innan.

| | |
|---|---|
| Íbúðarhús | |
| Iðnaður | Skólahús. |
| Geymsla | |
| Ónotað | |

Ísafirði
26. 7. 1973.
Árni.

# Skipagata 12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
